FRÉTTABLAÐIÐ

246. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 18. OKTÓBER 2016



Maður lést eftir árekstur tveggja bíla nærri Rósaselstorgi skammt frá Leifsstöð í gær. Er verið var að flytja manninn á sjúkrahús í Reykjavík lenti lögreglumaður, sem fylgdi sjúkrabílnum á vélhjóli, í árekstri við fólksbíl sem beygði fyrir hann hjá Áslandshverfi í Hafnafirði. Lögreglumaðurinn og ökumaður fólksbílsins eru mikið slasaðir en ekki taldir í lífshættu. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

# Tólf fylgdarlaus börn á flótta til Íslands á árinu

**Þrjú af tólf börnum á flótta sem komið hafa fylgdarlaus til Íslands hafa fengið hæli. Einu barni var vísað frá og átta bíða niðurstöðu. Í þessum málum er víða misbrestur segir forstjóri Barnaverndarstofu. Auglýst er eftir fósturfjölskyldum.**

**FLÓTTAMENN** Tólf fylgdarlausir flóttamenn á barnsaldri hafa komið hingað til lands það sem af er ári. Forstjóri Barnaverndarstofu segir misbrest í málefnum þeirra.

Þrjú börn hafa þegar fengið vernd, einu var synjað á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar en mál átta eru óafgreidd. Tveir til viðbótar báru því við að vera á barnsaldri við komuna til landsins en reyndust vera fullorðnir. Í vafatilfellum er gerð aldursgreining með því að skoða tennur viðkomandi.

„Þegar barn kemur fylgdarlaust til landsins og óskar eftir hæli ber Útlendingastofnun að tilkynna það til barnaverndar í því umdæmi þar sem barnið gefur sig fram,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

„Undir eðlilegum kringumstæðum færi barnið á móttökustöð en reyndin er að þau lenda yfirleitt strax hjá barnavernd,“ segir Bragi.

> **Við höfum auglýst í tvígang á árinu eftir fósturfjölskyldum til að hýsa börn sem koma hingað einsömul.**
>
> Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu



Flest börnin gefa sig fram í Leifsstöð en dæmi eru um flóttabörn sem komu með Norrænu. Þá hafa börn gefið sig fram í Reykjavík.

Börnin sem nú eru á landinu eru frá Albaníu, Alsír, Írak, Marokkó, Pakistan, Sómalíu og Sýrlandi.

„Við höfum auglýst í tvígang á árinu eftir fósturfjölskyldum til að hýsa börn sem koma hingað einsömul og stefnum á að halda námskeið fyrir áhugasamar fjölskyldur,“ segir Bragi.

Að sögn Braga þarf að sníða úrræði að hverjum einstaklingi. Þar tvinnist saman búseta, tómstundir og menntun. Stærstur tími barnaverndarnefndanna fer í að finna húsnæði fyrir börnin.

„Það hefur ekki verið mikið skipulag á þessari þjónustu heilt yfir landið og misbrestur á þessu,“ segir Bragi. Því hafi Barnaverndarstofa beitt sér fyrir því að nýju útlendingalögin, sem taka gildi um áramótin, tryggi réttindagæslu þessa hóps. „Frá og með áramótum mun Barnaverndarstofa fara með yfirumsjón þess að hælisleitandi börn hljóti viðeigandi stuðning.“ **– jóe**

## Vændi í skammtímaleiguíbúðum

**SAMFÉLAG** „Við erum að sjá mjög mörg tilvik um að vændi sé gert út frá leiguíbúðum, til dæmis á vegum Airbnb, hér á landi,“ segir Snorri Birgisson rannsóknarlögreglumaður.

Leigusali sem á íbúð þar sem uppskátt varð um vændi segir að tvær konur hefðu tekið íbúðina á leigu og auglýst sig á vændiskaupasíðu á netinu og vændið farið fram í íbúðinni. Ekki hafi verið hægt að kalla lögregluna á vettvang. Einfaldast hafi verið að láta leigutímann renna út og vera á varðbergi gagnvart leigutökum framvegis. **– þh / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Brynhildur Pétursdóttir segir foreldrum mismunað. 13

**SPORT** Mætingin á niðurleið í Pepsideildinni í knattspyrnu. 14

**MENNING** Málþing um orðsins list á morgun. 20

**LÍFIÐ** Fyrsta kvikmynd leikstjórans Guðmundar Arnars Guðmundssonar Hjartasteinn vann til þrennra verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Varsjá um helgina. 24



**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ALLT FYRIR HREKKJAVÖKUNA

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Vestanátt með skúrum í dag, en léttir til SA-lands. Hiti 5 til 10 stig, hlýjast á SA-landi. SJÁ SÍÐU 18



Katrín Jakobsdóttir, formaður VG. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fundur verði sameiginlegur

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sendir Pírötum þau skilaboð að ef þeir vilji samræður um stjórnarandstöðu um nýja ríkisstjórn sé eðlilegast að allir flokkarnir hittist í sameiningu. Píratar ætluðu sér að ræða við hvern flokk í einu á tæplega klukkustundarlöngum fundum á morgun.

„Í sjálfu sér er ég jákvæð í garð hugmyndarinnar um að flokkar ræði saman fyrir kosningar um mögulegt samstarf að loknum kosningum,“ segir Katrín. „Hins vegar mun ég óska eftir því við Pírata að við hittumst öll í sameiningu og förum yfir málin í stað þess að flokkarnir mæti til Pírata hver í sínu lagi.“

Viðreisn, Bjartri framtíð, Samfylkingu og VG er boðið til fundar til Pírata á morgun og mun fyrsti flokkurinn mæta til Pírata klukkan tíu og svo koll af kolli.

Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, segir flokkinn auðvitað mæta til samtals. Hins vegar sé þetta nokkuð undarleg röðun.

„Píratar eru að missa fylgi í skoðanakönnunum og ætla nú að setja sig í forystusæti og stýra samtalinu á þennan hátt. Ég hefði talið eðlilegra að við mættum öll til samtals á sama tímanum og gætum ráðið ráðum okkar,“ segir Björt. **– sa**



Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar.

# Birta í skammdeginu



„Ég er bara með ljós í gluggunum og aðeins úti á palli, set þau til að hafa birtu,“ segir Hjördís Guðmundsdóttir en skrautlegt hús hennar í Flétturima í Grafarvogi vekur talsverða athygli. Ljósaseríur prýða alla glugga. Sjálf lítur Hjördís ekki á þær sem jólaseríur sem hún hlakkar til að setja upp síðar. „Þegar nær dregur desember tek ég hvítu seríurnar úr gluggunum og set rauðu jólaseríurnar í staðinn,“ segir Hjördís. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




Hundruð norskra lögreglumanna eru án vinnu. NORDICPHOTOS/AFP

# Atvinnuleysi hjá lögregluþjónum

**NOREGUR** Af 620 sem útskrifuðust frá lögregluháskólanum í Noregi í ár höfðu aðeins 59,5 prósent fengið starf hjá lögreglunni fyrir lok júní. Inni í tölunum eru sumarafleysingar og ráðning til bráðabirgða að því er norska ríkisútvarpið segir.

Af þeim sem stóðust prófið 2015 var 95,1 prósent starfandi innan lögreglunnar í júní í ár. Dæmi eru um að nýútskrifaður lögreglumaður hafi boðist til að vinna launalaust.

Ekki er ráðið í stað lögreglumanna sem hætta. **– ibs**




# Eigendur Airbnb-íbúða kvarta undan vændi

**Leigusali lýsir erfiðri reynslu af vændisstarfsemi í íbúð hans. Mikið um að vændi sé auglýst í miðborg Reykjavíkur á netinu. Sjaldgæft er að þeir sem selja sig leiti til lögreglu eða veiti upplýsingar. Leigusalar vilja meira samstarfi við lögregluna.**

**SAMFÉLAG** „Við erum að sjá mjög mörg tilvik um að vændi sé gert út frá leiguíbúðum, til dæmis á vegum Airbnb, hér á landi,“ segir Snorri Birgisson, rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Í samtali við Fréttablaðið lýsti leigusali því hvernig það er að takast á við það þegar upp kemst um að vændi hafi verið stundað í íbúð hans. Tvær konur höfðu tekið íbúðina á leigu og auglýst sig á vændiskaupasíðu á netinu. Vændiskaupendum var vísað í íbúðina og þar fór vændisstarfsemin fram. Þar sem konurnar höfðu ekki gerst brotlegar við lög var ekki hægt að kveðja lögregluna á vettvang.

Leigusalinn taldi einfaldast að láta leigutímann renna út og vera frekar á varðbergi varðandi hverjum hann leigði íbúðina í framtíðinni.

Snorri Birgisson segir að litið sé um að nágrannar og húseigendur tilkynni til lögreglu grun um vændi. Aðallega sé um að ræða erlenda gesti sem stoppi hér á landi í fimm til tíu dag og ferðist svo áfram um Norðurlöndin. Gríðarlega erfitt er að ná til þessara einstaklinga en þeir vilja almennt ekki ræða við lögregluna né veita henni nokkrar upplýsingar enda eru þeir í mjög viðkvæmri stöðu.

„Fólk er náttúrulega ekki alltaf meðvitað um í hvaða tilgangi fólk kemur hingað til lands eða áttar sig ekki á að vændi kunni að eiga sér stað,“ segir Snorri

Að sögn Snorra Melax, talsmanns Samtaka um skammtímaleigu á heimilum, hafa engin dæmi um vændi í leiguhúsnæði komið á þeirra borð.

„Við viljum frekara samstarf við lögregluna, hafi þetta komið upp í skammtímaleiguhúsnæði, og hvernig hjálpa megi leigusölum að forðast þetta,“ segir Snorri.

Á síðustu árum hefur Snorri Birgisson stýrt verkefni undir handleiðslu innanríkisráðuneytisins. Verkefnið er fræðsluátak sem búið er að skila töluverðri vitundarvakningu um mansal og vændi. Það er unnið í samráði við velferðarráðuneytið, Starfsgreinasamband Íslands og mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Alls hafa 60 fundir verið haldnir og rúmlega tvö þúsund manns sótt þá.

**thorgeirh@frettabladid.is**

### Skráðar Airbnb-íbúðir í Reykjavík

samkvæmt Airdna í september 2015




**Fólk er náttúrulega ekki alltaf meðvitað um í hvaða tilgangi fólk kemur hingað til lands.**

Snorri Birgisson, rannsóknarlögreglumaður



### Hvað er Airbnb?

Airbnb er vefsíða þar sem leigja má gistingu. Hún var stofnuð árið 2008 en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í San Francisco í Kaliforníu. Á síðunni eru yfir 800.000 gistiheimili og íbúðir skráð í 33.000 borgum í 192 löndum.

HEIMILD: WIKIPEDIA

# TILBOÐSBÍLAR!

**NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á FRÁBÆRU TILBOÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
EINNIG FYLGJA VEGLEGIR KAUPAUKAR VÖLDUM NÝJUM BÍLUM.**




## 320.000 KR. KAUPAUKI

**HEILSÁRSDEKK OG DRÁTTARBEISLI FYLGJA NÝJUM X-TRAIL**

**NISSAN X-TRAIL**
VERÐ FRÁ: 5.090.000 KR.






### DACIA DUSTER

**Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum DACIA DUSTER sýningar- og reynsluakstursbílum.**




### SUBARU LEVORG

**Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum um TILBOÐSVERÐ á völdum nýjum SUBARU LEVORG sýningar- og reynsluakstursbílum.**

## 280.000 KR. KAUPAUKI

### ISUZU D-MAX

**Heitklæðning á pall og dráttarbeisli.
Einnig er aukaafsláttur af sýningarbílum.**




## ATVINNUBÍLAR

**Við bjóðum nokkra nýja sýningarbíla á veglegu tilboði á meðan birgðir endast.**







ENNEMM / SÍA / NM77552

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

B|L

GE bílar, Reykjanesbæ, 420 0400 / Bílasalan Bílás, Akranesi, 431 2622 / Bílasala Akureyrar, Akureyri, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, 470 5070 / IB ehf., Selfossi, 480 8080 / BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313 og 862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Sjómenn vilja ekki borga nýju skipin fyrir útgerðir í landinu

**KJARAMÁL** Sjómenn samþykktu í gær að boða til verkfalls sem að öllu óbreyttu hefst 10. nóvember. Níutíu prósent félagsmanna samþykktu aðgerðirnar en þar á meðal er félag Vélstjórnarmanna.

Samningar náðust milli aðila fyrr á árinu en þeir voru felldir í atkvæðagreiðslu sjómanna. Síðan hafa verkföll verið í undirbúningi.

Meðal ágreiningsefna í viðræðum sjómanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, er þáttaka sjómanna í greiðslu veiðigjalda og hvort afnema skuli nýsmíðaálagið. Sjómenn telja sig eiga heimtu á útgerðina.

Þegar nýtt skip kemur til landsins renna tíu prósent af launum skipverja, næstu sjö árin, í kostnað sem hlýst af smíðinni. „Það var samið um þetta árið 2004 en þá var ástandið í greininni annað. Meðan útgerðin býr við myljandi hagnað þá finnst okkur ekki rétt að við greiðum með skipunum,“ segir Valmundur Valmundsson formaður Sjómannasambandsins.

„Útgerðin hefur ekki viljað semja undanfarin ár vegna of mikillar óvissu um hag greinarinnar,“ segir Valmundur. Sjómenn hafa verið samningslausir frá árinu 2011 en verkfallsaðgerðir hafa verið í undirbúningi síðastliðna mánuði. Ljóst er að verkfall mun hafa víðtækar afleiðingar í för með sér fyrir landvinnslu og greinar tengdar sjávarútvegi.



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir, héraðsdómslögmaður.**

„Við bindum vonir við að sættir náist áður en til verkfallsins kemur,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri SFS. Í yfirlýsingu frá samtökunum segir að verkfallið sé neyðarúrræði og komi til með að valda samningsaðilum og samfélaginu öllu tjóni. Þá er þar bent á að nokkur fjöldi sjómanna hafi ákveðið að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni.

Síðasta sjómannaverkfall var árið 2001 en því lauk með lagasetningu og gerðardómi í kjölfar hennar. „Sá gerðardómur er enn að bíta okkur í hælana og var okkur til ama,“ segir Valmundur. – jóe



**Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins.**



**Alda Hrönn Jóhannsdóttir.**

## Alda segist höfð fyrir rangri sök

**LÖGREGLUMÁL** Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hefur stigið til hliðar vegna rannsóknar í kjölfar ásakana um að hún hafi borið aðra lögreglumenn röngum sökum. Alda kveðst hafna ásökununum.

„Ég hef skilning á að fólk leiti réttar síns finnist því á sér brotið. Á hinn bóginn þykir mér hart að sæta rannsókn fyrir það eitt að sinna starfi mínu í samræmi við starfsskyldur mínar,“ segir í yfirlýsingu sem Alda sendi frá sér í gær.

„Ég vona að rannsókn þessari ljúki hið fyrsta og trúi staðfastlega að hún muni leiða hið sanna í ljós og hreinsi mig af öllum ásökunum,“ segir í yfirlýsingunni. – gar

## Taki kvennafrí

**KJARAMÁL** Konur eru hvattar til að leggja niður vinnu klukkan 14.38 mánudaginn 24. október næstkomandi. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Samtök kvenna um kvennafrí sendu frá sér í gær.

Því næst eru konur hvattar til þess að mæta á samstöðufund á Austurvelli undir kjörorðunum kjarajafnrétti strax. Sama dag verður 41 ár liðið frá því konur um allt land lögðu niður vinnu til þess að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir þjóðfélagið. Alls mættu um 25 þúsund konur á Lækjartorgið í Reykjavík, héldu ræður og sungu baráttusöngva. Ellefu sinnum síðan hefur sams konar kvennafrídagur verið haldinn. – þea

# Fjórfalt fleiri árslaun þarf til að kaupa íbúð í höfuðborginni

Greining Íslandsbanka spáir 11,4 prósenta hækkun íbúðarhúsnæðis á næsta ári. Aldrei hefur verið minna framboð íbúða á söluskrá og styttri sölutími. Skráðum eignum til útleigu á Airbnb í Reykjavík hefur fjölgað um 80 prósent á einu ári. Um 286 prósenta munur er á milli hæsta og lægsta fermetraverðs landsins.

**VIÐSKIPTI** Tæplega sjö árslaun þarf til að greiða fyrir hundrað fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu, samanborið við 1,8 árslaun fyrir sambærilega íbúð á Vestfjörðum. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Íslandsbanka um íslenska íbúðamarkaðinn.

Sé miðað við að meðaleinstaklingur (með húsnæðislán) verji 16,5 prósentum af ráðstöfunartekjum í húsnæðiskostnað, eins og raunin var árið 2014, má áætla að það taki um 42 ár að greiða niður íbúðina á höfuðborgarsvæðinu, samanborið við 11 ár á Vestfjörðum.

Munurinn á milli dýrasta og ódýrasta fermetrans eftir landshlutum á árinu 2015 var um 286 prósent á meðan munur á milli hæstu og lægstu launa nam 24 prósentum. Því eru aðrir áhrifaþættir en laun sem valda þeim mikla mun sem sést á fermetraverði eftir landshlutum.

Greining Íslandsbanka spáir því að verð íbúðarhúsnæðis muni hækka um 9,3 prósent í ár, 11,4 prósent á næsta ári og um 6,6 prósent á árinu 2018. Jafnframt er því spáð að raunverð íbúðarhúsnæðis muni hækka um 7,8 prósent í ár, 9,7 prósent á næsta ári og um 3,4 prósent á árinu 2018.

Verð íbúðarhúsnæðis á móti launum, leiguverði og byggingarkostnaði er ekki langt frá langtíma meðaltali. Það gefur til kynna að ekki sé verðbóla á íbúðamarkaði.

Ein ástæða hækkunar húsnæðisverðs um þessar mundir að mati greiningarinnar er hröð hækkun kaupmáttar. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur launa muni aukast um tíu prósent á þessu ári, og 5,2 prósent á því næsta. Vaxandi kaupmáttur ráðstöfunartekna ásamt lýðfræðilegum þáttum, vexti í ferðaþjónustu og takmörkuðu framboði nýbygginga mun þrýsta verði upp.

Deilihagkerfið hefur vaxið hratt undanfarin ár, en 3.049 eignir voru skráðar til útleigu á Airbnb í ágúst 2016 í Reykjavík, tæplega 80 prósent fleiri en í ágúst 2015. Á hverjum degi í júlí var ein af hverjum átta íbúðum í 101 Reykjavík í leigu til ferðamanna í gegnum Airbnb.

Einnig kemur fram í greiningunni að heildarfjöldi íbúða á söluskrá hefur ekki verið minni svo langt sem gögn Þjóðskrár Íslands ná, en einnig hefur meðalsölutími íbúða aldrei verið styttri. saeunn@frettabladid.is



**Langhæsta fermetraverðið á landinu er í 101 Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




*Ár miðast við húsnæðisbyrði meðal einstaklings með húsnæðislán.

ZENDIUM STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI




zendium
STYRKIR NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS

# Danir lokuðu flugvöllum vegna hótana

**DANMÖRK** Loka þurfti tveimur flugvöllum og tveimur verslunarmiðstöðvum í Danmörku vegna sprengjuhótana í gær. Engar sprengjur fundust og starfsemin hófst aftur nokkru síðar. Lögreglan handtók 31 árs mann frá Slagelse vegna málsins.

Það voru flugvellirnir í Hróarskeldu og Árósumog verslunarmiðstöðvar í Hróarskeldu og Slagelse sem var lokað.

Sprengjuhótanir bárust einnig til sjúkrahúsa, skóla og fleiri verslunarmiðstöðva í Danmörku. Ekki var þó gripið til lokana víðar, enda þótti lögreglunni, þegar nánar var að gáð, ekki mark takandi á hótununum.

Hótanirnar komu að sögn lögreglunnar allar frá sama sendandanum.

„Það lítur út fyrir að þetta hafi komið frá sama tölvupóstfanginu, þannig að væntanlega er þetta sami einstaklingurinn sem situr og dælir þessum sprengjuhótunum út um allt land,“ var eftir lögreglunni á vef danska ríkisútvarpsins. – gb




**Danskir lögreglumenn loka aðgangi að Hróarskelduflugvelli.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# ÚTSÖLULOK - PRÚTTMARKAÐUR

# ÞÚ KEMUR OG SEMUR!
# ALLT Á AÐ SELJAST!

## Skrifborðsstólar



**KOMDU OG PRÚTTAÐU!**






**Taktik** skrifborðsstóll *DÆMI UM PRÚTTVERÐ*
Útsöluverð 24.900 kr.
Verðlistaverð 59.900 kr.




# ÚTSÖLULOK





Útsölulok á þriðjudag
18. október

Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Opið kl. 8-18

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is



Öryggisverðir stöðva mótmælanda á kosningafundi Donalds Trump í Chicago. NORDICPHOTOS/AFP

## Stuðningshópur Clinton stærir sig af uppþotum

**BANDARÍKIN** Ráðgjafarfyrirtækið Democracy Partners borgaði fólki fyrir að mæta á kosningafundi Donalds Trump og valda þar uppþoti og ofbeldi. Fyrirtækið vinnur með forsetaframboði Hillary Clinton og á í daglegum samskiptum við hennar teymi.

Í myndbandi, sem tekið var upp með falinni myndavél og hópur blaðamanna undir nafninu Project Veritas birti í gær, lýsir starfsmaður Democracy Partners, Scott Foval, því meðal annars að hann hafi borgað fólki sem á við geðræn vandamál að stríða fyrir athæfið.

Þá sjást þeir Foval og stofnandi Democracy Partners, Bob Creamer, útskýra hvernig fyrirtækið hefur milligöngu um samskipti á milli framboðs Clinton og Priorities USA, svokallaðs Super PAC, óháðs kosningasjóðs sem styður Clinton. Slík samskipti eru ólögleg. Sjóðirnir mega þiggja mun hærri fjárstyrki en opinber forsetaframboð. Peningarnir fara mestmegnis í auglýsingar. – þea

## Refsað fyrir hórlífi



Indónesísk kona krýpur fyrir framan Baiturrahman-moskuna í Banda Aceh meðan böðulinn hefur pískinn til höggs. Sjö pörum var gert að þola á bilinu tíu til 25 högg fyrir að eiga í sambandi utan hjónabands. Aceh-hérað er eina hérað Indónesíu þar sem sjaríalög hafa verið tekin upp. Hýðingum á almannafæri hefur farið fjölgandi í héraðinu á árinu en það er ein tegund refsinga sem talað er um í lagabókstafnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Kaupa blokkir undir erlenda starfsmenn

**Tvö fyrirtæki sem sinna flugþjónustu á Keflavíkurflugvelli hafa keypt samtals fimm fjölbýlishús fyrir starfsmenn. Öll eru þau á Ásbrú þar sem húsnæði er eftirsótt. Leiguhúsnæði er ekki að hafa á Suðurnesjum. Fjölgun starfsmanna verður leyst með erlendu vinnuafli.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Flugþjónustufyrirtækin Airport Associates og IGS Ground Services (IGS) hafa á þessu ári keypt fimm fjölbýlishús á Ásbrú, fyrrum svæði bandaríska varnarliðsins við Keflavíkurflugvöll, til að leysa húsnæðismál starfsfólks síns.

Fjölgun starfsfólks hjá félögunum báðum á næstu árum verður leyst með því að fá starfskrafta erlendis frá – sem er að sögn vandalaust. Að mæta húsnæðisþörf þeirra þúsunda starfsmanna sem hingað munu koma til starfa á Keflavíkurflugvelli er hins vegar flóknara viðfangsefni.

Eins og Fréttablaðið sagði frá fyrir helgi er því spáð að fjölgun starfa á Keflavíkurflugvelli næstu tvo áratugina jafngildi að meðaltali einu álveri árlega – eða rúmlega 400 manns. Rætist þessi spá verður það gríðarlega flókið verkefni fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, og landsmenn alla, að mæta þeirri fólksfjölgun sem um ræðir, sem er án fordæma.

Sigþór Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri Airport Associates, telur verkefnið alls ekki svo stórt að það sé óviðráðanlegt. Þau störf sem verða til verði mönnuð af útlendingum því ekki sé lengur hægt að reiða sig á íslenskt vinnuafl; það sé einfaldlega ekki lengur til staðar á svæðinu.

„Glíman verður að leysa húsnæðismálin,“ segir Sigþór en fyrirtæki hans hefur keypt tvö fjölbýlishús á Ásbrú á þessu ári fyrir starfsfólk sitt. „Ef við hefðum ekki keypt húsnæðið á Ásbrú þá hefðum við ekki komið okkar fólki í leiguhúsnæði og því sjálfhætt.“

Sigþór vísar til frétta um að verið sé að ganga frá stórri eignasölu á Ásbrú – þar sem ónefnt félag hyggst kaupa af ríkinu flestar þær fasteignir sem þar eru til sölu. Fréttatíminn greindi frá sölunni nýlega. Sigþór lítur vonaraugum til þessara áforma og þar verði hægt að fá húsnæði fyrir starfsmenn fyrirtækisins á næstu árum. Húsnæði sé í raun ekki í boði annars staðar á Suðurnesjum en á gamla varnarsvæðinu fyrir þá fjölgun sem þegar er orðin og fram undan sé, segir Sigþór.



Húsnæði á gamla varnarsvæðinu er keypt upp í stórum stíl vegna stækkunar Keflavíkurflugvallar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fjölgun starfa á Keflavíkurflugvelli hjá flugþjónustufyrirtækinu IGS verður einnig leyst með erlendu vinnuafli. Engin vandkvæði eru á því að fá hæft starfsfólk, til dæmis frá Póllandi, staðfestir Gunnar S. Olsen, framkvæmdastjóri IGS Ground Services (IGS), en 150 manns komu þaðan til vinnu í ár. Félagið hefur keypt þrjú fjölbýlishús, sem hýsa 222 starfsmenn sem leysir húsnæðisvanda IGS næstu tvö til þrjú árin.

> **Það var ekki um annað að ræða en að kaupa húsnæði til að tryggja að þetta erlenda vinnuafl okkar hefði einhvers staðar aðstöðu.**
>
> 
>
> Gunnar S. Olsen, framkvæmdastjóri IGS

„Að leita út fyrir landsteinana er eina lausnin sem við sjáum, það er mjög erfitt að fá vinnuafl héðan af Suðurnesjunum,“ segir Gunnar. Námsfólk leysir ekki vanda fyrirtækjanna lengur því ferðamönnum hefur fjölgað mikið fyrir og eftir hinn hefðbundna annatíma yfir sumarið.

„Húsnæði er annað vandamál á svæðinu. Það var ekki um annað að ræða en að kaupa húsnæði til að tryggja að þetta erlenda vinnuafl okkar hefði einhvers staðar aðstöðu.“ svavar@frettabladid.is






Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá 6.890.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Ætla að hrekja Íslamska ríkið frá Mosúl

## Hjálparsamtök óttast að flóttafólk frá Mosúl muni skipta hundruðum þúsunda. Hernaðurinn stefni meira en milljón manns í hættu.

**ÍRAK** „Frá okkar sjónarhóli séð er vernd almennra borgara það mikilvægasta í þessari hernaðaraðgerð,“ sagði Filippo Grandi, flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, á blaðamannafundi í Bagdad í gær þegar stórsókn hófst gegn vígasveitum Íslamska ríkisins í Mosúl í fyrrinótt.

Íraski stjórnarherinn, Kúrdaherinn Peshmerga, tyrkneski stjórnarherinn og hersveitir Kúrdasamtakanna PKK taka þar höndum saman ásamt fjölþjóðaliði undir stjórn Bandaríkjamanna og segjast vissir um að sigur vinnist á næstu vikum eða mánuðum.

Íslamska ríkið, eða Daish-samtökin, náðu Mosúl á sitt vald í júní árið 2014 og hefur haldið þar uppi ógnarstjórn, rétt eins og víðar í Írak og Sýrlandi þar sem samtökin hafa náð nokkuð stóru svæði á sitt vald.

Hjálparsamtök vara við því að almenningur í borginni og næsta



**Kúrdar komnir í skotgrafirnar skammt frá bænum Besheqa.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

nágrenni verði í stórhættu. Þar býr um ein og hálf milljón manna. Búast megi við að allt að 700 þúsund þeirra þurfi að flýja að heiman og leita á náðir hjálparstofnana. Nauðsynlegt sé að vera vel undir það búinn, ekki síst vegna þess að nú er vetur að ganga í garð.

Nú þegar hafa um 3,3 milljónir manna hrakist frá heimilum sínum í Írak vegna borgarastyrjaldarinnar þar. Þetta er næstum því tíundi hver íbúi landsins.

Þúsundir Kúrda í Peshmerga-hersveitunum hófu sóknina í gær norðaustan við Mosúl.

Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, skýrði frá þessu í sjónvarpsávarpi til þjóðarinnar. Hann sagðist bjartsýnn.

„Íraski fáninn verður dreginn að húni í miðri Mosúlborg og í hverju einasta þorpi og hverju horni mjög fljótlega,“ sagði hann.

Ashton B. Carter, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði sóknina marka mikilvæg tímamót í baráttunni gegn Íslamska ríkinu.

Stefnt er að því að innrásarliðið umkringi borgina fyrst, bæði til að einangra hana og til að koma í veg fyrir að liðsmönnum Íslamska ríkisins takist að flýja brott. Að því búnu verði haldið inn í borgina.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Orrustan um Mosúl hefst

Hryðjuverkasamtökin Íslamskt ríki, eða Daish, hafa haft borgina Mosúl á sínu valdi síðan í júní 2014. Íraski stjórnarherinn, hersveitir Kúrda og fjölþjóðaliðið undir stjórn Bandaríkjanna leggja nú allt kapp á að hrekja Daish frá Mosúl.



Heimild: Institute for the Study of War






# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA

TOPTUL®

**TILBOÐ OG GENGISLÆKKUN**

## TOPPLYKLASETT 14 STK



3/4" toppar 22 - 50mm
24 tanna skrall
4 - 8" framlengingar
T-Skaft
Sterk stáltaska

vnr IBTGCAD1405

**16.900** m/vsk
Fullt verð 21.173

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM – TOPTUL®

## VINNUBORÐ Á HJÓLUM



Liðugt og sterkt borð með skúffu.
690 (L) x 470 (B) x 815 (H) mm
Verkfærabakkar frá Toptul passa í skúffuna.

vnr IBTCAD0101

**24.543** m/vsk
Fullt verð 32.724

**TILBOÐ**

## TOPPLYKLASETT 28 STK



1/2" toppar 8 - 32mm
Skrall. framlengingar, liður
Framlenging m/ LED ljósi

IBTGCAI2802

**7.534** m/vsk
Fullt verð 10.763

## TOPP,- OG BITASETT 46 STK



Toppar 4 - 13mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Bitatoppar
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI4601

**5.142** m/vsk
Fullt verð 6.856

## HERSLUVÉL 18V



500 NM
18V 4ah Li-ion
3 hraðar
0-3000 sn/mín
0-3000 högg/mín

vnr IBTKPAA1650E

**39.784** m/vsk
Fullt verð 54.754

## TOPP,- OG BITASETT 94 STK



Toppar 4 - 13mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Bitatoppar
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI094r

**13.128** m/vsk
Fullt verð 17.503

## SKRALLLYKLASETT 8-19MM



**13.609** m/vsk
Fullt verð 17.488

## VERKFÆRATASKA

111 STK. VERKFÆRI



**37.952** m/vsk
Fullt verð 50.602

## VERKFÆRASETT 80 STK



1/4" og 1/2" toppar
Stærðir 4 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 19mm
Skrúfjárn tangir, hamar og fl.

VNR IBTGCAI8002

**19.774** m/vsk
Fullt verð 28.249

**TILBOÐ**



## 383 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

8 Skúffur - 1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, skralllyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, skiptilykill, slaghamar,
splittatangir, tangir, járnsög, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás



**235.307** m/vsk
Okkar besta verð

# Norðausturkjördæmi í hnotskurn

Tíu framboð bjóða fram lista í Norðausturkjördæmi fyrir alþingiskosningar 2016


**Benedikt Jóhannesson**
Viðreisn


**Sigurveig Bergsteinsdóttir**
Flokki fólksins


**Sigurður Eiríksson**
Dögun


**Steingrímur J. Sigfússon**
Vinstri grænum


**Logi Einarsson**
Samfylkingu


**Einar Aðalsteinn Brynjólfsson**
Pírötum


**Kristján Þór Júlíusson**
Sjálfstæðisflokki


**Preben Pétursson**
Bjartri framtíð


**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
Framsóknarflokki


**Þorsteinn Bergsson**
Alþýðufylkingunni



**Fjöldi á kjörskrá**
29.569

Karlar
14.965

Konur
14.604

Fjöldi á kjörskrá á bak við hvert þingsæti
2.957

Á kjörskrá í kosningum 2013
29.035

Stærð kjördæmis
38.389 km²

**4** buðu sig fram til þess að leiða lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi í prófkjöri fyrir kosningar.

## Sveitarfélög í kjördæminu

Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur, Langanesbyggð, Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

## Úrslit síðustu kosninga




**83,4%** kjörsókn í síðustu kosningum

**Þingmenn**




## Þingmenn sem hætta


**Brynhildur Pétursdóttir**
þingmaður Bjartrar framtíðar


**Kristján Möller**
þingmaður Samfylkingarinnar


**Höskuldur Þórhallson**
þingmaður Framsóknarflokksins

# Telur að bil milli höfuðborgar og landsbyggðar sé að breikka

**Uppbygging heilbrigðisþjónustu og menntakerfis er kjósendum ofarlega í huga í Norðausturkjördæmi. Á Austfjörðum tala menn fyrir niðurgreiðslum á flugsamgöngum, enda tveggja daga leið frá Reykjavík. Einnig er áhersla lögð á áframhaldandi umbætur í vegamálum og að haldið verði áfram með lagningu ljósleiðara.**

Kosningar 2016



Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Í Norðausturkjördæmi eru tíu þingmenn, þar af eru níu kjördæmakjörnir en einn jöfnunarþingmaður. Kjördæmið nær frá Fjallabyggð til Djúpavogshrepps. Á meðal oddvita kjördæmisins eru Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra, og Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi formaður VG. Miðað við niðurstöður skoðanakannana er nær alveg víst að þeir munu allir ná kjöri aftur. Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, er þingmaður í kjördæminu en hann verður ekki í framboði þann 29. október næstkomandi. Þá var Brynhildur Pétursdóttir þingmaður í kjördæminu fyrir Bjarta framtíð en hverfur líka af þingi núna. Óvarlegt væri að fullyrða á þessari stundu hvort Samfylkingunni eða Bjartri framtíð takist að koma að manni í stað þeirra Kristjáns og Brynhildar.

Þegar kemur að því að spyrja hvaða málefni séu fólki efst í huga í kjördæminu segist Agnes Anna Sigurðardóttir, atvinnurekandi á Árskógssandi í Eyjafirði, telja að bilið á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar sé að breikka. „Þá er ég ekki að kenna neinum einum um. En mér finnst bara eins og þetta sé að verða hvor sinn þjóðflokkurinn oft og tíðum,“ segir Agnes Anna. „Hvort sem það er fyrir austan, vestan eða norðan,“ segir Agnes og bætir við að allir landshlutar hafi sitthvað að bjóða ferðamönnum. Þá telur Agnes Anna brýnt að efla bæði skólaþjónustu og heilbrigðismál.

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri á Fljótsdalshéraði, segir samgöngumálin skipta Austfirðinga mestu máli, bæði samgöngur á landi og í lofti. „Við erum þannig staðsett frá höfuðborgarsvæðinu að við erum ekki í skotfæri,“ segir hann. Austfirðingar þurfi að sækja mjög stóran hluta þjónustunnar, eins og heilbrigðisþjónustu, til höfuðborgarsvæðisins.

„Þar er flugið í raun eini valkosturinn því þetta er tveggja daga ferð ef þú ætlar að keyra þetta,“ segir Björn. Vandinn sé sá að kostnaðurinn við flugsamgöngur sé svo hár að það sé varla á færi einstaklinga að greiða hann. Því hafi menn á Fljótsdalshéraði lagt áherslu á að skoðað verði alvarlega að fara almenningssamgönguleið eins og gert hafi verið í nokkrum öðrum löndum. Það myndi fela í sér niðurgreiðslur hins opinbera á flugfargjöldum. „Svo eru það sjálfsögðu vegasamgöngurnar sem menn þurfa að halda áfram að lagfæra,“ segir hann.

Björn segir að í þriðja lagi þurfi að koma fjarskiptamálum í lag. „Við höfum reyndar sagt það að ef menn koma fjarskiptunum í lag þá þurfi þeir ekkert að hafa áhyggjur af okkur – þá þurfi ekki að vera nein byggðaframlög,“ segir hann. Þar á hann við að það þurfi að ljósleiðaravæða dreifbýlið. Stór hluti þéttbýlisins fyrir austan sé heldur ekki með góðar tengingar. „Þetta er orðið lykilatriði í atvinnulífinu að menn séu með alvöru tengingar og líka bara spurning um þegar yngra fólk velur sér búsetu, þá er þetta orðið það stórt vægi í lífi fólks að þetta verður að vera í lagi,“ segir Björn.



Akureyri er stærsta sveitarfélagið í Norðausturkjördæmi. Íbúar þar eru um 19 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Þar er flugið í raun eini valkosturinn því þetta er tveggja daga ferð ef þú ætlar að keyra þetta



Björn Ingimarsson, sveitarstjóri á Fljótsdalshéraði

## Hvað segja kjósendur?

**HVER ERU BRÝNUSTU KOSNINGAMÁLIN?**

> Mér finnst brýnast að koma heilbrigðismálunum í betra horf og að íbúar landsbyggðarinnar hafi sem greiðastan og skjótastan aðgang að bráðaþjónustu.



Rúnar Traustason, kjötiðnaðarmeistari og sjúkraflutningamaður

> Kosningar snúast um Evrópumál, atvinnugreinina mína ferðaþjónustu, sýnina á gjaldtöku og hvaða leiðir verða farnar, styrkingu innri víða samfélagsins, menntakerfi, heilbrigðiskerfi og löggæslu.



Hrafnhildur Karlsdóttir, hótelstjóri á Akureyri

> Mér finnst þurfa skýrari stefnu varðandi sjúkrahúsin úti á landi. Það þarf að fara í vinnu við að finna varanlega lausn við flugvallarmálið í Reykjavík og þá hvert á að senda sjúklinga ef flugvöllurinn verður færður.



Eggert Hákonarson, framleiðslustarfsmaður Alcoa Fjarðaáls




# ALLIR UM BORÐ ...

# KAUPAUKI MEÐ ÖLLUM 7 MANNA FORD

Ford býður upp á einstaklega gott úrval 7 manna fjölnotabíla. Nú er tækifæri til að gera enn betri kaup á stórglæsilegum og vel útbúnum Ford.

**Komdu í Brimborg í dag og tryggðu þér draumabíl fjölskyldunnar. Í október fylgir veglegur kaupauki – nýttu tækifærið!**

## KAUPAUKI Í OKTÓBER

- Nokian vetrardekk
- Þjónustueftirlit í 2 ár *
- Farangursbox
- Þverbogar



FORD **GRAND C-MAX**
FRÁ **3.590.000** KR.
Verðmæti kaupauka 357.000 kr.

**STÓR** - Rúmgóður fjölskyldubíll sem er fáanlegur 5 eða 7 manna. Rennihurðir á báðum hliðum gera aðgengið sérstaklega þægilegt.



FORD **S-MAX**
FRÁ **5.190.000** KR.
Verðmæti kaupauka 469.000 kr.

**STÆRRI** - Sportlegur og glæsilegur 5 eða 7 manna bíll sem rúmar alla fjölskylduna. Nægt pláss fyrir mikinn farangur. Fáanlegur **fjórhjóladrifinn**.



FORD **GALAXY**
FRÁ **5.590.000** KR.
Verðmæti kaupauka 469.000 kr.

**STÆRSTUR** - Stór 7 manna fjölskyldubíll. Góð lofthæð og nægt fótarými í öllum þremur sætaröðum. Fáanlegur **fjórhjóladrifinn**.

Ford

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn myndum í auglýsingu.
* Miðað er við þjónustueftirlit í tvö ár samkvæmt staðli framleiðanda sem framkvæmt er á 20.000 km fresti eða 12 mánaða fresti, það gildir sem á undan kemur.

# Kynslóð föst í foreldrahúsum



Hafliði Helgason

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað nokkuð um fasteignamarkaðinn og horfur á honum. Samtök iðnaðarins hafa að undanförnu vakið athygli á stöðu húsnæðismarkaðar og í gær kom út skýrsla um íbúðamarkaðinn hjá Íslandsbanka sem sagt er frá í blaðinu í dag.

Enda þótt húsnæðisverð hafi hækkað mikið síðustu ár, eru enn ekki merki um að fasteignabóla hafi myndast að mati sérfræðinga. Það ber þó að hafa í huga að slíkar bólur hafa gjarnan þau einkenni að þá fyrst gera menn sér grein fyrir þeim þegar þær eru sprungnar.

Megindrifkraftar fasteignaverðs eru kaupmáttur og aðgangur að lánsfé. Þar á eftir kemur svo framboð og eftirspurn. Byggingarkostnaður er svo sú breyta sem hefur áhrif á framboðshliðina með þeim hætti að ef verð fer undir byggingarkostnað, þá hætta menn að byggja. Þetta má glöggt sjá úti á landi þar sem lítil eftirspurn leiðir til verðs sem er langt undir byggingarkostnaði. Þar er því ekkert byggt, þrátt fyrir skort á húsnæði.

Á höfuðborgarsvæðinu er verð hátt og hæst í 101 Reykjavík. Stefna borgaryfirvalda um þéttingu byggðar hefur fært áherslu frá ódýrari íbúðum í úthverfum í dýrar íbúðir í eða við miðborg. Þessi stefna hefur hentað eldra fólki sem minnkar við sig og selur einbýlishús og flytur miðsvæðis í fremur dýrar blokkaríbúðir. Vöxtur ferðaþjónustu hefur einnig þrýst upp verði miðsvæðis í borginni.

Stefnan hefur valdið uppsöfnuðum vanda hjá ungu fólki sem hefur ekki efni á að kaupa slíkar íbúðir sem fyrstu íbúð.

Vaxandi kaupmáttur og hátt atvinnustig ætti að gefa ungu fólki rými til að mynda nokkurt eigið fé til fyrstu kaupa. Í aðdraganda kosninga hafa stjórnmálaflokkarnir keppst við að leggja fram tillögur um hvernig eigi að auðvelda ungu fólki fyrstu íbúðarkaup. Allt er það væntanlega sett fram af góðum hug.

Vandinn sem blasir við er að ef aðgengi að fjármunum er aukið án þess að til komi meira framboð af húsnæði, þá er einsýnt að það leiði til hækkunar húsnæðisverðs.

Miðað við tölur frá Samtökum iðnaðarins, þá mun að óbreyttu áfram verða skortur á smærri íbúðum fyrir ungt fólk. Aðalástæða þess er að skortur er á lóðum til að mæta þessari þörf. Það stendur því upp á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og þá einkum Reykjavíkurborg að sveigja stefnu sína um þéttingu byggðar að því að auka framboð ódýrari kosta fyrir ungt fólk. Fyrirséð er að það verður tímabundið á kostnað þéttingu byggðar.

Verði ekki brugðist við þessu er hætt við að býsna stór hópur ungs fólks verði innlyksa í foreldrahúsum langt fram á fullorðinsár. Það er engum hollt að fresta því langt fram eftir aldri að standa á eigin fótum.

**Vandinn sem blasir við er að ef aðgengi að fjármunum er aukið án þess að til komi meira framboð af húsnæði, þá en einsýnt að það leiði til hækkunar húsnæðisverðs.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Réttu áherslurnar?**

Hafa átt trúnaðarsamtöl eftir fáleika, var fyrirsögn fréttar sem var á forsíðu Morgunblaðsins í gær. Var þar vísað til þess að þeir Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forveri hans, hefðu ræðst við eftir hreint út sagt reyfarakennda atburðarás á flokksþingi Framsóknarflokksins fyrr í haust. Það er kannski eðlilegt að menn velti fyrir sér á hvaða vegferð við erum þegar flestum þykir meira spennandi að birta slíkar fréttir á forsíðu dagblaðs, tveimur vikum fyrir kosningar, í stað þess að ræða málefnaáherslur í kosningabaráttunni.

**Sneypuförin**

Hugmynd Pírata um að flokkar mæti til kosninga með einhverskonar fyrirheit um stjórnarsamstarf að loknum kosningum er ekki ný af nálinni. Í raun svipar henni mjög til norræna stjórnmála þar sem flokkar mynda blokkir langt fyrir kosningar. Hugmyndin hefur þó ekki verið reynd hér, ef undanskilið er kosningabandalag Samfylkingarinnar fyrir Alþingiskosningar 1999, áður en til formlegrar stofnunar flokksins kom. Sú aðferðarfræði sem reynd var um helgina, að kynna fyrst drög að kosningabandalagi í fjölmiðlum, en ætla síðan að ræða við þá sem maður vill mynda kosningabandalag með skilar Pírötum í besta falli engu. jonhakon@frettabladid.is

# Nærsýni



Yngvi Óttarsson
verkfræðingur

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, skrifar grein í Fréttablaðið 6. október sl. og leggur út af nýlega birtu áliti Skipulagsstofnunar vegna aukins eldis með norskættaðan eldislax í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði.

Í greininni fer bæjarstjórinn með rangt mál er hann segir að niðurstaða Skipulagsstofnunar hafi verið „að neikvæð áhrif af sjóeldi séu óveruleg og að öllu afturkræf“.

**Hið rétta**

Hið rétta er að um hættu á erfðablöndun segir í niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar: „Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur staðfest að á hverju ári strýkur lax í miklu magni úr eldi og að eldisfiskur finnist allstaðar í ám á landsvæðum þar sem eldi í sjókvíum er starfrækt. [...] Skipulagsstofnun telur að eftir því sem laxeldi dreifist víðar um firði Vestfjarða og heildarumfang framleiðslunnar vex sé líklegt að hætta aukist á að eldislaxar nái að hrygna í vestfirskum ám og hafi möguleika á að blanda erfðaefni við villtan lax. Stofnunin telur að ef blendingar ná fótfestu í viðkomandi laxastofni verði áhrifin varanleg og óafturkræf.“

**Allir villtir stofnar í hættu**

Rannsóknir hafa sýnt að eldislax sem sleppur ferðast allt að 2.000 km undan hafstraumum áður en hann leitar upp í ár til hrygningar (L. Hansen, 2006). Það samsvarar ferðalagi stroklaxa einn og hálfan hring umhverfis Ísland. Þar með eru allir villtir laxastofnar landsins í hættu vegna stroklaxa úr eldiskví hvar sem er við landið.

Því er ljóst að framtíðarsýn bæjastjórans um að njóta náttúrunnar og veiða í fallegri á er tálsýn verði fiskeldi í opnun sjókvíum með norskættuðum eldislaxi stundað við Ísland. Eina leiðin til að villtu stofnarnir haldi velli í sátt við fiskeldi er ef það er stundað með sjálfbærum hætti á landi eða í lokuðum kerfum í sjó. Er til of mikils mælst að það sé gert þannig að af starfseminni verði ekki þau varanlegu og óafturkræfu áhrif á náttúru landsins sem Skipulagsstofnun talar um?

**Rannsóknir hafa sýnt að eldislax sem sleppur ferðast allt að 2.000 km undan hafstraumum áður en hann leitar upp í ár til hrygningar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Sara McMahon *sara@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Framsæknar þjóðir fjárfesta í þekkingu



Steinunn Gestsdóttir
aðstoðarrektor kennslumála og þróunar við Háskóla Íslands

Háskólamenntun, vísindi og tækni eru grunnstoðir þekkingarsamfélaga. Háskólar leika sannarlega lykilhlutverk í þróun íslensks samfélags með margvíslegum hætti. Háskólamenntun leggur grunn að bættum lífsgæðum fólks, allt frá því að auka atvinnumöguleika þess og tekjur til þess að stuðla að betri andlegri og líkamlegri heilsu. Samfélag og atvinnulíf tekur hröðum breytingum, m.a. vegna örrar tækniþróunar sem kallar á sífellt meiri sérþekkingu og vel menntað vinnuafl. Háskólar þurfa að vaxa og þróast til að mæta þessum þörfum samfélagsins og stuðla að framsækinu atvinnulífi.

Háskólarannsóknir hafa bæði samfélagslegt og hagrænt gildi. Menntun, rannsóknir og nýsköpun auðga líf okkar og stuðla að farsælla samfélagi. Ekki verður tekist á við flóknar og brýnar áskoranir samtímans, svo sem loftslagsbreytingar eða lífsstílssjúkdóma, án aðkomu háskólanna. Þá er nýsköpun, sem er einn helsti vaxtarbroddur samfélaga, órjúfanlega samofin rannsóknum og starfi háskólanna. Fjárfesting í vísindum og tækni skilar sér í auknum langtíma hagvexti þjóða.

**Tækifærin eru til staðar**

Framsæknar þjóðir gera sér vel grein fyrir mikilvægu hlutverki vísinda, tækni og háskólamenntunar. Fjárfesting í þekkingarkerfi háskólanna er grunnstef í framtíðarsýn þeirra. Bandaríkin hafa verið leiðandi í fjárfestingu hins opinbera á sviði vísinda og tækni. Nýlega hafa önnur ríki sótt markvisst á, svo sem Japan, Kína og Ástralía. Á sama hátt stefna ríki Evrópusambandsins á að auka framlög til vísinda og tækni. Markmið þessara þjóða er einfalt: að treysta samkeppnishæfni sína til framtíðar. Þessar þjóðir keppa að því að vera leiðandi í framþróun sem byggist á þekkingu og tækni enda er ljóst að mestu möguleikar á bættum lífskjörum og auknum hagvexti byggjast á virkjun hugvits, þekkingar og tækni.

Tækifærin hér á landi eru augljós. Þrátt fyrir bága fjárhagsstöðu hafa háskólar landsins sýnt eftirtektarverðan árangur í rannsóknum. Við eigum vísindamenn sem afla hundraða milljóna króna úr erlendum samkeppnissjóðum á hverju ári. Slíkur árangur skilar Háskóla Íslands um þriðjungi af rekstrartekjum skólans, en árið 2015 voru sértekjur skólans hátt í sex milljarðar króna. Mikilvægi öflugra rannsóknarhópa fyrir uppbyggingu þekkingar í landinu er augljós. Að auki skapa þeir störf og starfsumhverfi fyrir vísindafólk á heimsmælikvarða sem gerir Ísland að eftirsóknarverðu samfélagi. Það ríkir hins vegar hörð samkeppni milli þjóða um færasta fólkið.

**Ætlar Ísland að sitja eftir?**

Í ljósi alls þessa er illskiljanlegt að íslensk stjórnvöld hafi ekki sett aukinn slagkraft í fjármögnun vísinda- og háskólakerfisins. Þrátt fyrir að ákveðin skref hafi verið stigin í rétta átt er óralangt í land, bæði hvað varðar framlög til háskólakerfisins og nýsköpunar. Í orði hafa verið sett fram metnaðarfull markmið, til dæmis í núgildandi stefnu Vísinda- og tækniráðs, sem ráðherrar eiga sæti í, og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en engar efndir er að finna í fjármálaáætlun hins opinbera til næstu fimm ára.

Með sama áframhaldi teflum við háskólamenntun og lífsgæðum komandi kynslóða í tvísýnu, drögum úr möguleikum vísindafólks okkar til að stunda framúrskarandi rannsóknir og hægjum á nýsköpun hér á landi. Með því að fjárfesta í háskólum, vísindum og nýsköpun til jafns við nágrannaþjóðir okkar fjárfestum við í framtíð þjóðarinnar.

**Með sama áframhaldi teflum við háskólamenntun og lífsgæðum komandi kynslóða í tvísýnu, drögum úr möguleikum vísindafólks okkar til að stunda framúrskarandi rannsóknir og hægjum á nýsköpun hér á landi.**

# Foreldrum mismunað



Brynhildur Pétursdóttir
þingkona Bjartrar framtíðar

Það er jákvætt að loks sé verið að hækka þakið á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði svo einhverju nemur, en sú aðferð að hækka greiðslur á einu bretti um 130 þúsund og miða þá breytingu við ákveðinn dag er vægast sagt furðuleg. Það hlýtur alltaf að vera meginmarkmið stjórnvalda að tryggja eins og kostur er jafnræði meðal þegna landsins. Það er ein forsenda þess að þokkaleg sátt ríki í samfélaginu. Þess vegna er þessi ráðstöfun svo óskiljanleg.

Hvaða sanngirni er í því að foreldri barns sem fæðist 15. október fái mörg hundruð þúsund hærri greiðslur úr sameiginlegum sjóðum en ef barnið hefði fæðst degi fyrr? Ég hef einhvers staðar séð því svarað að svona hafi þetta alltaf verið gert en það er auðvitað ekkert svar. Aðferðin verður síst betri þótt henni hafi áður verið beitt.

Ég gef mér að ríkisstjórnin hafi á upphafsmetrum sínum gert áætlun um það hvenær og hversu mikið ætti að hækka greiðslur úr fæðingarorlofssjóði á kjörtímabilinu þótt ekkert sé fjallað um það í stjórnarsáttmálanum. Svona ákvörðun er auðvitað ekki tekin á hlaupum og ég ímynda mér að það sé auðvitað bara helber tilviljun að þessi mikla hækkun komi til tveimur vikum fyrir kosningar. Þess vegna væri gott að þeir sem bera ábyrgð á málinu myndu útskýra hvers vegna greiðslur hafi ekki verið hækkaðar jafnt og þétt yfir kjörtímabilið? Það væri að mínu mati eðlilegri leið og sanngjarnari. Fólk á aldrei að fá á tilfinninguna að ákvarðanir stjórnvalda mismuni fólki á tilviljanakenndan hátt. Það er þó tilfellið hér því miður.

**Svona ákvörðun er auðvitað ekki tekin á hlaupum og ég ímynda mér að það sé auðvitað bara helber tilviljun að þessi mikla hækkun komi til tveimur vikum fyrir kosningar.**




**Mitsubishi ASX 4X4** er litla leynivopnið frá Mitsubishi. Hann býr yfir miklum styrk og aksturseiginleikum sem njóta sín vel bæði á mölinni og malbikinu. Svo er hann líka rúmgóður og tæknilega vel búinn. Gíraðu þig inn á lífið og láttu það leika við þig á nýjum Mitsubishi ASX.

**Mitsubishi ASX** Intense Dísil
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**4.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Markaþurrð í uppgjöri gömlu stórveldanna á Anfield í gær




**Það var hart barist á Anfield í gær og kom það nokkuð niður á gæðum leiksins sem var ekki sérstaklega skemmtilegur. Marouane Fellaini og Sadio Mane bítast hér um boltann. Snilldartilþrif David de Gea í marki Man. Utd. stóðu upp úr í leiknum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Mætingin á niðurleið

### Í annað sinn á þrettán árum var meðalmæting á leiki í Pepsídeildinni undir 1.000. Mikið fall á meðan á EM stóð. Mætingin minnkaði

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið er búið að reikna út áhorfendafjöldann í Pepsídeild karla í sumar út frá opinberum tölum á leikskýrslum á vef Knattspyrnusambands Íslands en í heildina mættu 127.740 áhorfendur á leikina 132. Þetta er fækkun um 18.758 frá því á síðasta sumri en að meðaltali mættu 968 áhorfendur á hvern leik í Pepsídeild karla í sumar.

Þetta er í annað sinn á síðustu fjórtán árum og í annað sinn í tólf liða deild sem áhorfendur eru færri en 1.000 að meðaltali á leik. Mætingin á leiki í Pepsídeild karla hefur farið jafnt og þétt minnkandi undanfarin ár eins og sést.

Frá stofnun tólf liða deildar árið 2008 hefur mætingin minnkað næstum því ár frá ári fyrir utan til dæmis á síðustu leiktíð þegar aukningin var gífurleg. Sumarið 2014 mættu aðeins 923 að meðaltali á hvern leik sem er versta mæting í tólf liða deild og versta mæting í heildina frá árinu 2000 þegar 899 mættu að meðaltali á hvern leik í tíu liða deild.

Mætingin var mjög góð í fyrra en alls mættu 1.107 að meðtali á hvern leik. Hrunið var mikið í sumar eins og fram hefur komið. Bæði árið 2014 og aftur í ár var stórmót að trufla deildina en truflunin hefur aldrei verið jafnmikil og núna þegar hlé þurfti að gera á Pepsídeildinni vegna þátttöku Íslands.

**Versló-þynnka, ekki EM-þynnka**

Mikið var rætt og ritað í sumar um að Evrópumótið hafði slæm áhrif á deildina en Íslandsmótið dofnaði allsvakalega þegar strákarnir okkar voru að heilla heiminn í Frakklandi. Talað var um EM-þynnku en mætingin var samt ekkert svo slæm strax eftir Evrópumótið ef litið er á mætingu á leikina eftir verslunarmannahelgina. Hún var langverst á meðan Ísland var að spila.

Fréttablaðið skipti mætingunni í sumar upp í fjóra flokka; Fyrir EM, á meðan á EM stóð, eftir EM og fram að verslunarmannahelgi og eftir verslunarmannahelgina. Sé þetta sett upp svona sést að áhuginn var mikill á deildinni og fór hún af stað með látum. Alls mættu 1.235 á leikina 42 sem voru spilaðir fyrir EM.

Fallið var gríðarlegt ef litið er á leikina tólf sem spilaðir voru á meðan á EM stóð en aðeins mættu 516 að meðaltali á þá leiki. EM-þynnkan var svo ekkert sérstaklega mikil en deildin náði sér ágætlega í gang því 919 mættu að meðaltali á leikina 18 sem voru spilaðir eftir EM og fram að verslunarmannahelgi.

Það var eftir verslunarmannahelgina sem mótið dofnaði hvað mest. Fótboltaáhugamenn virtust ekki ná sér eftir hana og mættu aðeins 886 að meðaltali á leikina 60 sem voru spilaðir það sem eftir var af mótinu þrátt fyrir að gríðarleg spenna væri bæði um Evrópusæti og í fallbaráttunni en allt þetta réðst í lokaumferðinni.

**Árbæingar traustir**

Íslandsmeistarar FH voru með bestu mætinguna í sumar en alls mætti 1.541 að meðaltali á hvern leik hjá Hafnarfjarðarliðinu sem varð meistari annað árið í röð og í áttunda sinn á síðustu þrettán árum. KR var í öðru sæti með 1.163 áhorfendur að meðaltali á leik en næst komu Stjarnan og Breiðablik.

Þrátt fyrir að vera í fallbaráttu frá fyrstu umferð til þeirrar síðustu og falla á endanum í fyrsta sinn eftir 16 ára samfellda veru í efstu deild voru stuðningsmenn Fylkis traustir sínum mönnum og var Fylkir eitt af fimm liðum með yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali í leik.

Eyjamenn (651) og Ólafsvíkingar (501) draga meðaltalið mikið niður en neðsta Reykjavíkurliðið var Þróttur þar sem 740 manns mættu að meðaltali á leikina ellefu á Þróttarvelli. Skaginn var efstur landsbyggðarliðanna með 820 áhorfendur að meðaltali á leik. tomas@365.is

### Áhorfendafjöldi í Pepsídeild karla 2016

| | Fyrir EM | EM | Eftir EM | Ágúst og sept. |
|---|---|---|---|---|
| Meðalfjöldi áhorfenda á leik | 1235 | 516 | 919 | 886 |
| Fjöldi leikja | 42 | 12 | 18 | 60 |

### Fjöldi áhorfenda eftir liðum

| | | |
|---|---|---|
| 1 | FH | 1541 |
| 2 | KR | 1163 |
| 3 | Stjarnan | 1115 |
| 4 | Breiðablik | 1112 |
| 5 | Fylkir | 1098 |
| 6 | Fjölnir | 968 |
| 7 | Víkingur R | 967 |
| 8 | Valur | 938 |
| 9 | ÍA | 820 |
| 10 | Þróttur | 740 |
| 11 | ÍBV | 651 |
| 12 | Víkingur Ó | 501 |

### Aðsókn í 12 liða deild frá upphafi




**Enska úrvalsdeildin í fótbolta**

**Liverpool - Man. Utd 0-0**

| **Efri** | | **Neðri** | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 19 | Hull City | 7 |
| Arsenal | 19 | Middlesbr. | 6 |
| Tottenham | 18 | Stoke | 6 |
| Liverpool | 17 | Swansea | 4 |
| Chelsea | 16 | Sunderland | 2 |

DÝRASTA LIÐ NBA-SÖGUNNAR
Eftir að NBA-meistararnir í Cleveland Cavaliers gengu frá nýjum fjögurra ára samningi við J.R. Smith um helgina er ljóst að byrjunarlið félagsins er það dýrasta í sögu NBA-deildarinnar. Leikmennirnir fimm sem munu, ef allt er eðlilegt, skipa byrjunarlið meistaranna fá samtals 100 milljónir dollara í tekjur þetta tímabilið.
Þetta eru þeir LeBron James, Kyrie Irving, Kevin Love, Tristan Thompson og Smith.
Launaþakið í NBA-deildinni er 94 milljónir dollara þetta tímabilið en það er fyrir allan leikmannahópinn. Öllum liðum er heimilt að fara yfir launaþakið en greiða fyrir það svokallaðan lúxusskatt.
Enn er óljóst hvað eigendur Cavaliers munu greiða í laun og lúxusskatt þetta tímabilið en líklegt er að það verði ekki undir 160 milljónum dollara.
Dan Gilbert, sem keypti félagið fyrir áratug, hefur ávallt sagt að hann ætli að gera allt sem hann geti til að færa borginni meistaratitil og það gerði hann á síðustu leiktíð, er hann borgaði samtals 54 milljónir dollara í lúxusskatt.
Til samanburðar má nefna að byrjunarliðið hjá Cleveland kostar meira en allur leikmannahópur átján liða í NBA-deildinni.

GLÓDÍS OG SARA MÆTAST
Íslensku landsliðskonurnar Glódís Perla Viggósdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir mætast í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í fótbolta, en dregið var í höfuðstöðvum UEFA í Nyon í gær.
Wolfsburg, lið Söru Bjarkar, er eitt það besta í Evrópu en það tapaði úrslitaleiknum í maí fyrr á þessu ári. Eskilstuna, sem Glódís leikur með, hafnaði í öðru sæti á eftir Rosengård í Svíþjóð á síðustu leiktíð en Sara spilaði þá með sænska liðinu.
Svíþjóðarmeistarar Rosengård, sem slógu Breiðablik úr keppni í 32 liða úrslitum, mæta Slavia Prag frá Tékklandi.
Leikirnir fara fram 9.-17. nóvember.
**Drátturinn í 16 liða úrslitum:**
Paris Saint-Germain - BIIK Kazygurt
Barcelona - Twente
Slavia Prag - Rosengård
Manchester City - Bröndby
Brescia - Fortuna Hjörring
Lyon - Zürich
Eskilstuna - Wolfsburg
Rossijanka - Bayern München



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | **Meistaramessan** | Sport |
| 18.40 | **Leverkusen - Tottenh.** | Sport 2 |
| 18.40 | **Lyon - Juventus** | Sport 3 |
| 18.40 | **Leicester - FCK** | Sport 4 |
| 18.40 | **Real Madrid - Legia** | Sport 5 |
| 20.45 | **Meistaramörkin** | Sport |






# VITNISBURÐUR NOTENDA SEGIR ALLT SEM SEGJA ÞARF

**Artasan kynnir** Fjölmargir Íslendingar hafa notað vörurnar frá Nutrilenk og bera þeim góða söguna. Hjá flestum dregur úr hvers kyns verkjum og margir tala um að öðlast hreinilega nýtt líf. Hér fylgir vitnisburður nokkurra ánægðra notenda.

**Útsölustaðir**
**Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhill-ur verslana**




## „ÉG HVET AÐRA MÚRARA TIL AÐ PRÓFA NUTRILENK“



„Ég var búinn að fara í þrjár hnéaðgerðir á nokkurra ára tímabili, var mjög slæmur og treysti mér engan veginn í aðra aðgerð. Sem múrari er ég mikið á hnjánum og starfið reynir gríðarlega á liðina. Til allrar hamingju ákvað ég að prófa NUTRILENK GOLD. Ég tók inn 6 töflur fyrstu tvær vikurnar og það dugði mér til að verða góður. Nú tek ég tvær töflur á dag til að viðhalda batanum. Það má segja að batinn sé kraftaverki líkastur. Ég hvet því kollega mína í iðninni til að prófa,“ segir Davíð ,en hann setti hvorki meira né minna en Íslandsmet í keilu í fyrra. „Ég trúi því að NUTRILENK GOLD haldi mér góðum í keilunni a.m.k næstu 20 árin.“

**Davíð Löve, múrari og keilusnillingur**

## „LAUS VIÐ LIÐVERKI TENGDA LYFJUM VIÐ BRJÓSTAKRABBAMEINI“



„Ég þarf að vera á andhormónalyfjum næstu árin til að halda í skefjum brjóstakrabbameini sem ég greindist með fyrir einu og hálfu ári. Þessi lyf fóru þannig í skrokkinn á mér að ég var undirlögð af skelfilegum liðverkjum og upplifði mig eins og gamla konu. Ég ákvað að prófa NUTRILENK GOLD og tók inn tvær töflur þrisvar sinnum á dag og fann mun viku seinna. Í kjölfarið gat ég minnkað skammtinn niður í þrjár töflur á dag og það heldur mér góðri. Ég veit um margar konur í sambærilegri stöðu og vona að NUTRILENK GOLD geti hjálpað þeim eins og það hefur hjálpað mér!“

**Lára Emilsdóttir fjármálastjóri**

## „NUTRILENK GAF MÉR LÍFSGLEÐINA Á NÝ“



„Ég hef stundað skíði í 60 ár, línuskauta, hjólreiðar, fjallgöngur og svo æfi ég í ræktinni daglega. Fyrir nokkrum árum stóð ég frammi fyrir því að ökklarnir voru algjörlega ónýtir, aðallega vegna endalausrar tognunar á skíðum. Ástandið var orðið þannig að ég gat varla gengið. Læknirinn minn sagði að annar ökklinn væri svo illa farinn að það þyrfti að stífa hann. Þessar fréttir fannst mér vera endalokin fyrir mig og mín áhugamál og ég lagðist í mikið þunglyndi. Mér var bent á NUTRILENK GOLD sem ég ákvað að prófa og það gerði kraftaverk. Í dag fer ég á fjöll og geri nánast allt sem mig langar til að gera algjörlega verkjalaus. Ef ég hætti að taka Nutrilenkið minnir ökklinn fljótt á sig. Ég skora á alla þá sem eru að glíma við svipuð vandamál að prófa þetta undraefni NUTRILENK GOLD sem gaf mér lífsgleðina á ný.“

**Guðfinnur S. Halldórsson, sveitarforingi skíðasveitarskáta í Reykjavík og landskunnur bílasali.**

## „ÖÐLAÐIST NÝTT LÍF – VERKIRNIR VORU HREINT HELVÍTI Á JÖRÐ“



„Ég starfa sem leikskólakennari og vinn mikið á gólfinu með börnunum. Ég þarf þar af leiðandi sífellt að vera að setjast og standa upp aftur. Ég var greind með slitgigt og hef fundið fyrir verkjum í hægri mjöðminni um árabil. Á tímabili varð ég svo slæm að ég þurfti að fá sprautur og sterk verkjalyf fyrir mjöðmina. Ég skánaði við það en var alltaf með seyðing og verki. Suma daga var ég þokkaleg en aðrir voru hreint helvíti á jörð. Næturnar hafa líka í gegnum árin verið mér erfiðar. Ég var með eilífan seyðing í mjöðminni og niður í tá og gat ómögulega legið á hægri hliðinni. Ég var farin að haltra. Eftir að ég fór að taka NUTRILENK öðlaðist ég hreinlega nýtt líf. Ég hef notað NUTRILENK GOLD síðan í september 2012 með frábærum árangri, og þá meina ég ÁRANGRI. Í byrjun tók ég sex töflur á dag í tvo mánuði en í dag tek ég þrjár töflur á dag. Núna sef ég allar nætur og get beygt mig án alls sársauka. Ég þurfti orðið aðstoð við að klæða mig í skó og sokka á morgnana, svo slæm var ég orðin. Í dag get ég bókstaflega allt! Ykkur finnst þetta kannski vera ýkt saga – en hún er sönn. Ég öðlaðist nýtt líf með NUTRILENK GOLD.“

**Ragnheiður Garðarsdóttir leikskólakennari.**

## „LOSNAÐI VIÐ SLITGIGTARVERKINA“



„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt, auk þess að hafa farið í liðþófaaðgerðir. Fyrir rúmum þremur árum gat ég varla beygt mig, var með bólgur í liðum og hreyfigetan takmörkuð. Þá pantaði ég tíma hjá bæklunarlækni sem benti mér á að huga betur að lífsstílnum og taka inn NUTRILENK GOLD. Ég fór að hans ráðum og batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hnjánum og get hreyft mig óhindrað. Ég er einnig mjög meðvitaður um mataræðið og stunda sjóböð sem eru allra meina bót. Ef ég sleppi því að taka inn NUTRILENK GOLD þá finn ég verkina koma aftur. Ég er því bjartsýnn á að þurfa ekki að heimsækja lækninn aftur fyrr en í fyrsta lagi 75 ára. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK GOLD.“

**Hinrik Ólafsson leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður**



## „LÍKAMINN ÞOLIR MUN BETUR LANGVARANDI ÁLAG“

Friðleifur Friðleifsson er mikill íþróttamaður og hefur hlaupið frá árinu 2008. Hann hefur tekið þátt í öllum helstu hlaupum sem boðið er upp á á Íslandi hvort heldur götuhlaup eða utanvegahlaup. Einnig hefur Friðleifur tekið þátt í mörgum hlaupum erlendis, meðal annars 100 kílómetra hlaupi í Ölpunum við Mont Blanc. Hann sigraði í hlaupinu Esja Ultra 2014 og 2015.

„Sem hlaupari þá er mikilvægt að halda öllum liðum vel smurðum. Þar kemur NUTRILENK ACTIVE að góðum notum. Ég hef notað NUTRILENK ACTIVE í töluverðan tíma og finn að líkaminn þolir langvarandi álag mun betur og eymsli í liðum eru miklu minni en áður. Í hlaupum er mikið álag til dæmis á ökkla og hné, sérstaklega þegar hlaupið er á grófu og misjöfnu undirlagi og ég tala nú ekki um upp og niður fjöll. Það er því mikilvægt að fyrirbyggja eymsli í liðum og ég get hiklaust mælt með NUTRILENK ACTIVE. Það virkar.“

**Friðleifur Friðleifsson langhlaupari**

LYFJA – Lífið heil

Lægra verð í Lyfju

lyfja.is

Liðverkir?




Glucosamin LYFIS

1.178 mg glucosamin – 30 skammtapokar

Við vægri til meðalsvæsinni slitgigt í hné

✓ Inniheldur glucosamin súlfat
✓ Duft í skammtapokum
✓ Leyst upp í vatni – auðvelt að taka inn
✓ Nær bragðalaust – með sætuefnum
✓ Einn skammtur á dag

**Notkunarsvið:** Glucosamin LYFIS er notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné. **Ekki má nota lyfið** ef um er að ræða ofnæmi fyrir glucosamini, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða fyrir skelfiski, þar sem glucosamin er unnið úr skelfiski og ef um er að ræða meðfæddan efnaskiptasjúkdóm (fenýlketonmigu). **Gæta skal sérstakrar varúðar:** Einstaklingar með sykursýki, astma, alvarlegt lifrar- eða nýrnavandamál, óþol fyrir einhverjum tegundum sykurs eða eru á natríumskertu fæði skulu leita ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. Einnig þarf að útiloka að um sé að ræða annan liðsjúkdóm. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um notkun og því skal ekki nota Glucosamin LYFIS á meðgöngu eða samhliða brjóstagjöf. **Skömmtun:** *Fullorðnir, einnig aldraðir:* Innihald eins skammtapoka á dag, helst með mat. **Algengustu aukaverkanir:** Ógleði, kviðverkur, meltingartruflanir, vindgangur, hægðatregða og niðurgangur. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2014.




The Sóley's boys ásamt Sóleyju Jóhannsdóttur. Atriði þeirra var blanda af danssporum og leikfimiæfingum.

# SLÓGU Í GEGN

Hópur eldri karla tók þátt í Hátíð gullna aldursins fyrr í mánuðinum og sló í gegn. Flestir hafa þeir stundað leikfimi saman undanfarin 25 ár.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is

The Sóley's boys er ekki heiti á nýjasta íslenska drengjabandinu heldur er um að ræða hóp „þroskaðra“ og skemmtilegra karla sem tóku þátt í Hátíð gullna aldursins í Slóveníu fyrr í þessum mánuði. Umrædd hátíð, sem heitir Golden Age Gym festival, er haldin annað hvert ár og ætluð fólki sem er komið yfir fimmtugt og vill skemmta sér saman, dansa og stunda alls kyns hreyfingu.

Meðlimir hópsins hafa flestir stundað leikfimi saman um 25-30 ára skeið undir styrkri stjórn Sóleyjar Jóhannsdóttur danskennara. Einn þeirra er Björn Sveinsson sem kom inn í hópinn fyrir um tíu árum. „Ég sá auglýsingu í blaði um baktíma fyrir karla sem innihélt teygjur og þrek. Það var einmitt það sem mig vantaði þá. Hún er m.a. með öflugar styrktaræfingar fyrir kvið og bak og góðar



**Björn Sveinsson sló í gegn í Slóveníu ásamt félögum sínum.** MYND/STEFÁN

þrekæfingar og svo er yfirleitt endað á góðri slökun.“

Fyrir nokkrum árum frétti einn hópmeðlima af þessari hátíð og kynnti fyrir Sóleyju og hinum körlunum. „Ekki voru nú allir hrifnir af hugmyndinni en það endaði þó með því að hluti af hópnum tók þátt fyrir fjórum árum í Montecatini Terme á Ítalíu sem var einstaklega skemmtileg upplifun. Fyrir síðustu áramót var tekin ákvörðun um að taka þátt í hátíðinni í Slóveníu og hafist var handa við að undirbúa atriði til sýningar.“

## MAKARNIR MEÐ

Þema sýningaratriðanna í ár var Eurovision-söngvakeppnin þannig að lögin sem notuð voru þurftu að tengjast keppninni á einhvern hátt. „Fyrir valinu varð sigurlagið frá 2001 sem var framlag Eista. Atriði okkar var sambland af danssporum og leikfimiæfingum. Óhætt er að segja að það hafi slegið í gegn en atriðið var valið sem eitt af þremur „wild card“ atriðum á sérstakri sýningu sem stjórn hátíðarinnar hélt.“

Karlarnir voru þó ekki einir á sviðinu því makar þeirra voru með í för. „Sóleyju datt í hug fyrir fjórum árum að taka konurnar okkar með í atriðið. Þar sem þetta gekk svo vel upp fyrir fjórum árum var ekki spurning um að gera það aftur í ár. Og auðvitað voru þessar elskur frábærar skrautfjaðrir í annars vel heppnað atriði okkar.“

Fram undan eru frekari æfingar undir styrkri stjórn Sóleyjar að sögn Björns. „Það þarf að halda okkur í góðu formi, styrkja upphandleggi, læri og aðra vöðva. Svo vonum við nú að þessi blessaði „six-pack“ fari að láta sjá sig. Svo er auðvitað stefnt á sjötta mótið sem haldið verður í Pesaro á Ítalíu að tveimur árum liðnum.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ**
sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR**
**ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:**
Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349*
Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*












ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

# VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR FRAMLENGJUM VIÐ

## „ALLT INNIFALIÐ“ TILBOÐIÐ Á ÖLLUM LEGSTEINUM.

nr. 116-5
188.100 KR.
FULLT VERÐ: 306.700 KR.
*Einn spörfugl fylgir – ekki lukt.*

nr. 2042
149.000 KR.
FULLT VERÐ: 276.600 KR.

nr. 2046
270.220 KR.
FULLT VERÐ: 408.900 KR.

nr. 2006
265.420 KR.
FULLT VERÐ: 402.900 KR.

nr. 104
329.420 KR.
FULLT VERÐ: 482.900 KR.

nr. 113
297.420 KR.
FULLT VERÐ: 442.900 KR.

nr. 2021
304.620 KR.
FULLT VERÐ: 451.900 KR.

nr. GS1002
539.900 KR.
FULLT VERÐ: 746.000 KR.

nr. 118
313.420 KR.
FULLT VERÐ: 462.90 0 KR.

STÆRÐ
H. 27 CM.
BR. 30 CM.

VERÐ KR. 79.900,-
INNIFALIN ÁLETRUN.

## GÆLUDÝRASTEINAR

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

ATH. AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI.

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




**Akstursgjald bætist við utan höfuðborgarsvæðisins*
*Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.*

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

**Graníthöllin**
**Legsteinar**

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Píratar bjóða frjálsar handfæraveiðar öfugt við XD. XB og viðreisn.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði
430 fm atvinnuhúsnæði
285 fm Kistumelur 14
Hafsteinn 690 3031

### Húsnæði óskast

Óska eftir húsnæði fyrir erlenda starfsmenn. Uppl. Í s: 899-9177

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is


Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd og umönnun
Barnaheill
Save the Children á Íslandi



**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



**Hellnar á Snæfellsnesi**
356 SNÆFELLSBÆR
STÆRÐ: 12 HA

Úr landi Melabúðar á Hellnum á Snæfellsnesi er dásamlegt land, alls 12 hektarar. Glæsilegt útsýni til allra átta og hinn tignarlegi Snæfellsjökull gnæfir yfir. Lögbýlisréttur fylgir. Tilvalið fyrir fjárfesta á einu fallegasta landsvæði Íslands þar sem mikil gróska tækifæra sem og sóknarfæra eru á þessu landsvæði. Áhugasamir hafi samband við Kolbrúnu í síma 696-0707.

**18.000.000 KR**



Heyrumst
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› 892 9966
› stefan@fastlind.is



Heyrumst
**Þórunn Gísladóttir**
Löggiltur fasteignasali
› 510 7900
› thorunn@fastlind.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Melhagi 8**
**4ra herbergja risíbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og vel skipulögð 87,5 fm. risíbúð með svölum til suðausturs í fjórbýlishúsi. Rúmgóðar og bjartar skiptanlegar stofur. Tvö herbergi. Eldhús með hvítum viðarinnréttingum. Í ár var skipt um stærstan hluta glers og gluggar málaðir. Raflagnir og tafla fyrir íbúð eru nýleg.
Frábær staðsetning, stutt í skóla, íþróttasvæði KR og aðra þjónustu.
**Verð 43,9 millj.**



**Er von á grýlu?**

Eru rennurnar fullar af ís? Er hætta á að vatnið leki inn?




Hitavírar bræða ísinn í rennunni og halda vatnsrásinni opinni.

**Grátandi gluggar?**
Þurrktæki lækkar rakastigið



Tilboð frá kr 44.999
Loka dagar Tilboðsins

**Vatnshitablásarar**



Verð frá kr 89.999

**Hljóðlátur**
100 mm



Tilboð frá kr 29.990

íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

viftur.is
-andaðu léttar



Elskuleg móðir okkar,

**Auður Þórðardóttir**

frá Hergilsey,

andaðist þann 11. október.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
föstudaginn 21. október nk. kl. 15.00.

**Björk Svanfríður, Sigurbjörn, Valgerður Þorbjörg Elín,
Lúðvík, Þórir og Ólafur Guðmundur Guðjónsbörn**

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, afi og langafi,

**Halldór Þorleifur Ólafsson**

(Leifur)
Miklabæ, Óslandshlíð,

lést 12. október á Akureyri.
Útförin fer fram frá Hofsóskirkju
laugardaginn 22. október klukkan 14.00.

**Guðrún Jónsdóttir
Jón Ingi, Anna Elísabet, Ólafur Gunnar,
Ingibjörg Arnheiður,
barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur bróðir okkar,

**Magnús Briem**

sem lést 8. október sl. verður
jarðsunginn frá Grensáskirkju
miðvikudaginn 19. október kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á
mannúðar- og mannræktarsamtökin
Höndina (hondin.is) 0114 - 26 - 020106 / kt: 520106-0570.

**Eggert Briem
Ingibjörg Briem
Jóhannes Briem
Ragna Briem**

---



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Johan J. Wolfram**

Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu föstudaginn
30. september síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ragna Ólöf Wolfram
Ása J. Pálsdóttir
Anna Stefanía Wolfram — Gunnar Örn Ólafsson
Jenny Wolfram — Ágúst Sigurbjörnsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurbergur Baldursson**

Helluvaði 11, Reykjavík,

lést þann 10. október síðastliðinn
á Landspítalanum. Útförin fer fram
frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn
20. október kl. 15.00.

**Lára Leósdóttir
Ástvaldur Leó Sigurbergsson — Carla Foran
Sandra Sigurbergsdóttir — Reynir Þ. Viðarsson
Oddný Ósk Sigurbergsdóttir — Sigurður Björnsson
og barnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

---



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Dagný Ólafía Gísladóttir**

Rauðhömrum 12, Reykjavík,
síðast að Sóltúni, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 19. október kl. 13. Þeim sem
vildu minnast hinnar látnu er bent á barnauppeldissjóð
Thorvaldsensfélagsins s. 551-3509.

**Ragnar Tómasson
Ragna Þóra Ragnarsdóttir — Guðlaugur Unnar Níelsson
Dagný Ólafía Ragnarsdóttir — Guðni Jónsson
Arnar Ragnarsson — Elísabet Júlíusdóttir
Dagný Ósk, Sigurbjörn Ingi, Andri Þór, Gabríela,
Unnar Már og Tómas Örn
Ellý, Ragnar, Stefán Þór, Ragnar og Rúna
Sandra Dögg, Arna Ýr, Dagný Ólafía og Ragna Brá,
Júlíus og Sigríður Agnes**

---



Ástkær eiginkona mín og
minn besti vinur, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Guðrún Pálsdóttir**

Víðihlíð 15, Reykjavík,

lést á líknardeild sunnudaginn
16. október. Útförin fer fram frá
Fossvogskirkju mánudaginn 24. október klukkan 13.

**Ásgeir Már Jakobsson
Páll Daði Ásgeirsson — Ástdís Þorsteinsdóttir
Jakob Ingi Ásgeirsson
Gyða Hrönn Ásgeirsdóttir — Ásgeir Guðbjartur Pálsson
Ingibjörg Lilja Halldórsdóttir — Hörður Valsson
og barnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Þór Ólafsson**

bóndi,
Valdastöðum, Kjós,

lést á heimili sínu laugardaginn
15. október. Útförin fer fram frá
Reynivallakirkju í Kjós laugardaginn 22. október kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja
minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Þórdís Ólafsdóttir
Ólafur Helgi Ólafsson
Ásdís Ólafsdóttir
Vigdís Ólafsdóttir — Ásgeir Þór Árnason
Valdís Ólafsdóttir — Jóhann Davíð Snorrason
barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Arngrímur Marteinsson**

frá Ystafelli í Þingeyjarsveit,

lést föstudaginn 7. október
á Vífilsstöðum. Útförin verður haldin
í Grensáskirkju föstudaginn
21. október kl. 13.00.

**Kári Arngrímsson — Birna Óskarsdóttir
Reynir Arngrímsson — Nanna Maja Norðdahl
Kara Arngrímsdóttir
Sveinn Arngrímsson — Elísabet Inga Marteinsdóttir
Auðbjörg Arngrímsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Eyjólfur Guðmundsson**

endurskoðandi,

lést á líknardeildinni í Kópavogi
14. október síðastliðinn.
Útförin verður auglýst síðar.

**Ragnhildur Ásmundsdóttir
Ragna Eyjólfsdóttir
Guðmundur Árni Eyjólfsson
Hildur Björg Eyjólfsdóttir**

---

## Merkisatburðir

**1906** Sjö hús brenna á Akureyri. Þar missa áttatíu manns heimili sín.
**1913** Ljósahátíð er haldin á Seyðisfirði þegar þar er vígð rafstöð enda er rafveitan sú fyrsta á Íslandi sem nær til heils bæjarfélags.
**1922** BBC er stofnað.
**1968** Umdæmi kaþólsku kirkjunnar á Íslandi er gert að sérstöku biskupsdæmi.
**1980** Sjötta lota **Kröfluelda** hefst og stendur í fimm daga.



---



Þakka innilega samúð og hlýhug við
andlát og útför eiginmanns míns,

**Sighvats Jónassonar**

Fróðengi 1.

Sérstakar þakkir til þeirra sem
önnuðust hann á Eirborgum og
hjúkrunarheimilinu Hömrum.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Valborg Lárusdóttir**

---



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir,
afi, langafi og vinur,

**Svavar Þorsteinsson**

Eyjavöllum 2,
Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
miðvikudaginn 5. október. Útförin fer fram
frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 21. október kl. 13.00

**Kristján Þór Svavarsson — Magdalena Smáradóttir
Stefanía Therese Kristjánsdóttir — Hjalti Pálmason
Svavar James Kristjánsson
barnabarnabörn og Ásta Sigurðardóttir**

---



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðný Margrét
Gunnarsdóttir**

bóndi,
Bakkárholti í Ölfusi,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði aðfaranótt
laugardagsins 15. október sl. Útförin auglýst síðar.

**Helga Guðný Kristjánsdóttir — Björn Birkisson
Fanný Margrét Bjarnardóttir — Eiríkur G. Johansson
Sindri Gunnar Bjarnarson — Þórunn Ólafsdóttir
Aldís Þórunn Bjarnardóttir — Geir Gíslason
Hólmfríður María Bjarnardóttir
Guðrún María, Sigurbjörg Ólöf og Rakel Ósk**

---



Elsku faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Ronald Terry**

lést þann 6. október. Útförin fer fram
frá Fossvogskapellu 20. október
kl. 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks
Vífilsstaða og Boðaþings fyrir góða
umönnun.

**Lucille Helen Terry
Böðvar Kristófersson
Flores Axel Böðvarsson Terry
India Bríet Böðvarsdóttir Terry**

---



Ástkær bróðir okkar og frændi,

**Teitur Guðmundsson**

dvalarheimilinu Ási í Hveragerði,

lést þann 9. október. Útförin
fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn
21. október kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á
dvalarheimilið Ás í Hveragerði.

**Systur og frændsystkini.**







*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

IS OK 17 800




**Bifreiðaskoðanir**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu.
Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi.
Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

**Frumherji**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Vestanátt með skúrum í dag, en léttir til SA-lands. Hiti 5 til 10 stig, hlýjast á SA-landi.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 4° | 6° |
| 20 | 15 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 6° | 7° | 2° |
| 10 | 8 | 22 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 5° | 7° |
| 15 | 16 | 16 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 8° | 8° | 2° |
| 13 | 9 | 22 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. formóðir
6. mjöður
8. rell
9. fæðu
11. átt
12. kambur
14. frábær
16. öfug röð
17. púka
18. skítur
20. þófi
21. ögn.

**LÓÐRÉTT**
1. bumba
3. sjúkdómur
4. helgidómur
5. skel
7. úrræðis
10. traust
13. forsögn
15. svall
16. pota
19. tveir eins.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. amma, 6. öl, 8. suð, 9. mat, 11. sa, 12. burst, 14. súper, 16. on, 17. ára, 18. tað, 20. il, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. vömb, 3. ms, 4. musteri, 5. aða, 7. lausnar, 10. trú, 13. spá, 15. rall, 16. ota, 19. ðð.

### Skák Gunnar Björnsson

Khalifman átti leik gegn Sokolov í Wijk aan Zee árið 1991.

**Hvítur á leik**

**1. Hxg6+! fxg6 2. Hxh8+! Kxh8** (2...Kf7 3. Hxe8 Hxe8 4. Bd4!) **3. f7+ 1-0.** Aron Þór Mai sigraði í b-flokki Haustmóts TR. Hörður Aron Hauksson varð annar og Veronika Steinunn Magnúsdóttir þriðja.

**www.skak.is:** Huginn hraðskákmeistari skákfélaga.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

INFERNO — TOM HANKS — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THE MAGNIFICENT SEVEN — DENZEL WASHINGTON, CHRIS PRATT, ETHAN HAWKE — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Tröll — FRUMSÝND 20. OKT.
ANASTASIA — 2. nóvember í Háskólabíói
EIÐURINN — 12 — ★★★★★ HS, MORGUNBLAÐIÐ
MIDDLE SCHOOL — L — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
MISS PEREGRINE — KVIKMYND EFTIR TIM BURTON — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Sýningartímar á miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ — midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar

INFERNO — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
THE MAGNIFICENT SEVEN — 16 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
BRIDGET JONES'S BABY — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
MIDDLE SCHOOL — L — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| INFERNO | 8, 10:30 |
| MIDDLE SCHOOL | 6 |
| MAGNIFICENT 7 | 9, 10:30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 8 |
| FRÖKEN PEREGRINE | 6 |
| STORKAR 2D ÍSL.TAL | 6 |

SAMBÍÓIN — SAMbio.is

Byggð á samnefndri metsölubók
★★★★½ ENTERTAINMENT WEEKLY
★★★★ VARIETY
Emily Blunt, Justin Theroux
THE GIRL ON THE TRAIN
Mynd sem þú mátt ekki missa af — 16 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

MARK WAHLBERG, KURT RUSSELL, JOHN MALKOVICH, KATE HUDSON
★★★★ EMPIRE
★★★★ THE GUARDIAN
★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
DEEPWATER HORIZON
Ein vinsælasta stórmynd ársins — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

STORKS — Sýnd með íslensku og ensku tali
★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★★ THE WRAP — L — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

BRIDGET JONES'S BABY
★★★★ EMPIRE
★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

TOM HANKS — SULLY — Nýjasta stórmynd Clint Eastwood — 12 — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

CAN'T WALK AWAY — L — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 8 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 6 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| CAN'T WALK AWAY | KL. 6 - 8 - 10 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 8 - 10:10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 10:40 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| SULLY | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| INFERNO | KL. 8 - 10:35 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:35 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 18. OKTÓBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Árlegt menningarkvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fella- og Hólakirkju
Árlegt menningarkvöld kirkjunnar. Eva Rún Snorradóttir, rithöfundur og Breiðhyltingur, les úr bókum sínum. Kirkjukórinn flytur söngdagskrá.
Einnig verður leikið fjórhent á píanó og á saxófón. Kaffi og konfekt í boði í lok kvöldsins, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Kvöldstund með Sigríði Thorlacius
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Sigríður Thorlacius tónlistarkona staldrar við um stund, horfir á ferilinn og deilir með gestum sögu sinni, tónlist og áhrifavöldum. Guðmundur Óskar Guðmundsson, meðlimur hljómsveitarinnar Hjaltalín, verður viðmælandi hennar.
Boðið er upp á súpu og heimabakað brauð á undan á kr. 2.190.

### Viðburðir

**Hvað?** Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO fimm ára
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur
Reykjavík fagnar fimm ára afmæli sem Bókmenntaborg UNESCO nú í haust. Af því tilefni efnir Bókmenntaborgin til málþings um gildi orðlistar í samfélaginu í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands. Þingið er haldið í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur miðvikudaginn 19. október frá kl. 13 til 16 og er það öllum opið. Rithöfundar, fræðimenn, útgefendur, fjölmiðlafólk og lesendur taka til máls og ræða um orðlist í víðu samhengi. Hvaða máli skiptir það okkur sem samfélag að hlúa vel að orðlist og hvernig stöndum við okkur í þessu hlutverki í dag? Hvað gerum við vel og hvað getum við gert betur? Erum við bókmenntaþjóð? Hvers konar sögueyja er Ísland? Rætt verður um tilganginn og markmiðin, gildi orðlistar í samfélaginu og framtíðarhorfur texta og tungumáls. Hlúum við að bókmenntunum eða eru þær að hverfa sem áhrifavaldur og annað að koma í staðinn? Hvernig bregðast þá bókmenntaheimurinn, samfélagið og valdhafar við? Uppskurður, krufning, umræður.
Meðal þeirra sem koma fram á þinginu eru Eliza Reid, forsetafrú og stofnandi Iceland Writers Retreat, Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent frá Háskólanum á Akureyri, Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambandsins, rithöfundarnir Hallgrímur Helgason, Hildur Knútsdóttir og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir, Valgerður Þóroddsdóttir rithöfundur og útgefandi, Jórunn Sigurðardóttir útvarpskona og Magnús Guðmundsson blaðamaður. Listamennirnir Ásta Fanney Sigurðardóttir og Kött Grá Pje koma fram. Fundarstjóri verður Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur.
Ekkert þátttökugjald.


Eva Rún Snorradóttir, rithöfundur og Breiðhyltingur, les úr bókum sínum á árlegu menningarkvöldi kirkjunnar í Fella- og Hólakirkju í kvöld kl. 20.00.

**Hvað?** Spjallkaffi á vettvangi U3A
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Te og kaffi, Borgartúni
Vilhjálmur Árnason, heimspekingur og prófessor, spjallar um hamingjuna yfir kaffibolla.
Allir velkomnir.

**Hvað?** Gervigreind: Stærri bylting en internetið?
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Harpa
Bylting hefur orðið í gervigreind með áður óþekktum hraða á allra síðustu árum. Fjölda lausna og kerfa sem byggja á gervigreind eru nú til staðar í okkar samfélagi, eitthvað sem þótti óhugsandi fyrir áratug síðan. Hægt er að afla upplýsinga og framkvæma aðgerðir í gegnum ýmis tæki með raddstýringu, sjálfkeyrandi bílar eru staðreynd og tölvur vinna gáfaðasta fólk heims í leikjum eins og Jeopardy og Go. Til þess að rýna með okkur í framtíðina hefur Nýherji fengið til liðs við sig einn helsta sérfræðing heims í gervigreind. Adam Cheyer, er einn af stofnendum Siri, sem hafði það að markmiði að endurhanna upplifun notenda á farsímum og þróaði samnefnda raddstýringarlausn fyrir iPhone.

**Hvað?** Drop the Mic – Ljóðaslamm
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft Hostel
Sex ljóðskáld sem vinna saman í alþjóðlega verkefninu Drop the Mic troða upp. Þetta eru þau Vigdís Ósk Howser Harðardóttir og Ólöf Rún Benediktsdóttir frá Reykjavík, Dennis Buchleitner og Sara Hauge frá Kaupmannahöfn og Jaan Malin og Sirel Heinloo frá Tartu í Eistlandi. Drop the Mic er samstarfsverkefni Bókmenntaborganna Reykjavík, Tartu, Kraká og Heidelberg, auk Kaupmannahafnar. Skáld frá þessum borgum vinna saman í smiðjum, hafa samskipti á netinu og taka þátt í ljóðaviðburðum í viðkomandi borgum. Verkefnið hefst hér í Reykjavík nú á Lestrarhátíð í Bókmenntaborg í október og lýkur í Kaupmannahöfn haustið 2017.



**SIGRÍÐUR THORLACIUS TÓNLISTARKONA STALDRAR VIÐ UM STUND, HORFIR Á FERILINN OG DEILIR MEÐ GESTUM SÖGU SINNI, TÓNLIST OG ÁHRIFAVÖLDUM Á HANNESARHOLTI Í KVÖLD KL.20.00.**


BIO ★ PARADIS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

"CHARMINGLY ECCENTRIC, SWEET AND FUNNY. VIGGO MORTENSEN IS TERRIFIC" — CAPTAIN FANTASTIC

| | |
|---|---|
| Captain Fantastic | 17:30, 20:00, 22:30 |
| Innsæi / The Sea Within | 18:00 |
| Ransacked | 18:00 |
| Miss Peregrine's Home for Peculiar Children | 20:00, 22:00 |
| The Neon Demon | 20:00 |
| Fire At Sea ENG SUB | 22:30 |

RANSACKED



Daníel hélt prýðilega um stjórnartaumana, segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Beethoven hljómaði nýr

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★☆

**Verk eftir Þuríði Jónsdóttur, Magnus Lindberg og Beethoven.**

**Stjórnandi:** Daníel Bjarnason. Einleikari: Jack Liebeck.

**Eldborg í Hörpu**

fimmtudaginn 13. október

Kona sem ég hitti í hléinu á Sinfóníutónleikum á fimmtudagskvöldið sagði mér að henni hefði fundist hún vera komin út í geim í fyrsta verkinu á efnisskránni.

Um var að ræða Flow and Fusion eftir Þuríði Jónsdóttur. Hún hefur vakið athygli hvað eftir annað fyrir kjarnyrta tónlist. Verk hennar eru þó ekki auðveld áheyrnar; stemningin í þeim er yfirleitt framandi og annarsheimsleg. En handbragðið vekur aðdáun. Innra samhengið í músíkinni er einstaklega ánægjulegt að upplifa, hlutföllin þar eru ávallt sannfærandi. Tónhugmyndirnar eru settar fram af dirfsku og úrvinnsla þeirra er rökrétt, en þó oft óvænt.

Hið síðastnefnda verður einmitt sagt um verkið nú. Það byggðist að miklu leyti á hljómum ofarlega á tónsviðinu. Áferðin var skær, en á sama tíma dularfull. Framvindan var hægferðug, en þó var hvergi dauður punktur í tónmálinu. Dulúðinni óx sífellt ásmegin og náði hámarki sínu þegar djúpir tónar urðu áberandi undir lokin, án þess þó að háu tónarnir gæfu nokkuð eftir. Það var sterkt augnablik.

Annað nýlegt verk var flutt fyrir hlé, Fiðlukonsert nr. 1 eftir Magnus Lindberg. Tónlistin var viðamikil og margþætt, þar sem alls konar tilfinningar komu við sögu. Samt byggðist músíkin í rauninni á mjög einfaldri tónaröð. Hún var límið sem batt allt saman. Það virkaði, en ekki sakaði að einleikarinn, Jack Liebeck var frábær. Fiðluleikur hans var ákaflega lifandi, túlkunin var skemmtilega óheft og grípandi. Hröðustu tónahlaup voru fullkomlega af hendi leyst, laglínurnar fallega blátt áfram. Hljómsveitin spilaði líka af vandvirkni undir öruggri stjórn Daníels Bjarnasonar. Mismunandi hljóðfærahópar voru með allt sitt á hreinu. Samleikur sveitarinnar og einleikarans var snyrtilegur og pottþéttur.

Eftir hlé var flutt þriðja sinfónía Beethovens. Hún gengur undir nafninu Eroica, eða Hetjuhljómkviðan á íslensku, upphaflega tileinkuð Napoleon Bonaparte. Ákafar vonir voru bundnar við Napoleon, en hann varð á endanum alveg jafn spilltur og þeir sem hann steypti af stóli. Beethoven varð fyrir gríðarlegum vonbrigðum þegar hann krýndi sig keisara, þvert á gefin loforð. Hann strikaði þá yfir tileinkun sinfóníunnar og skrifaði í staðinn á titilsíðuna: „Hetjuhljómkviða, samin í minningu mikilmennis."

Hetjuleg er hún. Verkið var byltingarkennt, það var mun stærra og voldugra en nokkuð annað sambærilegt sem þá þekktist. Stefin eru ógleymanleg. Atburðarásin – hvernig melódíurnar þróast og nýjar taka við, stundum algerlega óvænt, og hvernig þráðurinn helst samt sem áður óslitinn í 50 mínútur – allt er þetta innblásin snilld.

Daníel hélt prýðilega um stjórnartaumana, túlkun hans var flæðandi og eðlileg. Hún var þrungin sprengikrafti en þó tignarleg og stórbrotin. Leikur hljómsveitarinnar var markviss og glæsilegur. Hægi kaflinn, jarðarfararmarsinn, var grípandi í einfaldleika sínum. Hröðu kaflarnir voru jafnframt svo lifandi og ferskir að það var eins og maður væri að heyra tónlistina í fyrsta sinn. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Flottar nýlegar tónsmíðar og Eroica Beethovens var dásamleg.



„Við hvetjum fólk til að taka þátt í pallborðinu með okkur og koma með spurningar úr sal," segir Lára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Raddir úr öllum áttum

**Í tilefni af fimm ára afmæli sínu efnir Reykjavík Bókmenntaborg til málþings um gildi orðlistar í samfélaginu. Þingið er í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á morgun og haldið í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands. Allir eru velkomnir.**




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


„Við reynum að láta raddirnar koma úr öllum áttum þannig að dagskráin verði fjölbreytt. Þar er grasrótin og þar eru gestsaugun, starfandi rithöfundar, fræðimenn og fjölmiðlafólk." Þannig lýsir Lára Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavík Bókmenntaborg, væntanlegu málþingi um gildi orðlistar í samfélaginu sem haldið verður í Tjarnarsal Ráðhússins á morgun frá klukkan 13 til 16.

Meðal frummælenda verður Eliza Reid forsetafrú. „Við erum upp með okkur yfir því að forsetafrúin skuli heiðra okkur með þátttöku," segir Lára og lýsir því að Eliza sé annar tveggja stofnenda verkefnisins Iceland Writers Retreat. Það skipuleggur menningarferðir til Íslands í apríl ár hvert, þar sem ferðamennirnir setjast á skólabekk hjá þekktum rithöfundum hér, ferðast um landið, fræðast um íslenska menningu og hitta rithöfund í Bókmenntaborginni. „Í fyrra komu 110 manns frá yfir 20 löndum og öllum málsvæðum og Eliza mun segja frá þessu frábæra verkefni sem er á færra vitorði," segir Lára og snýr sér að öðrum dagskrárliðum.

„Brynhildur Þórarinsdóttir dósent ætlar að velta fyrir sér útkomu lestrarkannana meðal unglinga og í stað þess að setja upp neikvæðu gleraugun ætlar hún að beina sjónum sínum að þeim sem að lesa mikið.



Skemmtikraftarnir Kött Grá Pje og Ásta Fanney Sigurðardóttir ætla að koma gestum á óvart. MYND/ROMAN GERASYMENKO

**VIÐ ERUM UPP MEÐ OKKUR YFIR ÞVÍ AÐ FORSETAFRÚIN SKULI HEIÐRA OKKUR MEÐ ÞÁTTTÖKU.**

Hildur Knútsdóttir rithöfundur verður með hugleiðingar um orð og orðaforða og Valgerður Þóroddsdóttir, skáld og útgefandi flytur erindi sem hún nefnir Enginn er eyland.

Eftir pallborðsumræður þar sem Brynhildur Þórarins, Hallgrímur Helgason, Jórunn Sigurðardóttir og Magnús Guðmundsson og Stefán Pálsson ræða málin undir stjórn Kristínar Helgu Gunnarsdóttur stígur Ragnhildur Hólmgeirsdóttir í pontu með játningar lestrarfíkils."

Lára tekur fram að allir séu velkomnir á þingið og þar sé ekkert þátttökugjald. „Við hlökkum til að sjá sem flesta í Tjarnarsalnum og hvetjum fólk til að taka þátt í pallborðinu með okkur með spurningum úr sal."





FLUTNINGAPARTÍ
Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ
13. - 20. OKTÓBER
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
Verslanirnar sameinast í nýrri og glæsilegri verslun í Smáralind í byrjun nóvember.
Núverandi verslun í Smáralind lokar 20. október og verslunin í Glæsibæ í byrjun nóvember.
*Gildir aðeins í verslunum Útilífs í Smáralind og Glæsibæ.
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Loonatics Unleashed
07.50 The Middle
08.15 Mike & Molly
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Junior Masterchef Australia
11.05 Suits
11.50 Empire
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent
14.00 Britain's Got Talent
14.55 Britain's Got Talent
15.50 Save With Jamie
16.35 Fresh Off the Boat
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 X16 - Suðurkjördæmi
20.10 **Major Crimes** Fjórða þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Sharon tók við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.
20.55 The Path
21.40 Underground
22.30 Murder In The First
23.15 Last Week Tonight With John Oliver
23.50 **Grey's Anatomy** Þrettánda þáttaröð þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
00.35 Bones
01.20 **Nashville** Þriðja þáttaröð þessara frábæru þátta þar sem tónlistin spilar stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonunar Rayna Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
02.05 Legends
02.50 Girls
03.20 100 Code
04.05 April Rain
05.35 Transparent
06.05 The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 Messan
08.35 Þýski boltinn
10.15 Dominos deild karla
11.55 Körfuboltakvöld
13.35 Football League Show
14.05 Premier League
15.45 Messan
17.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
17.45 Þýsku mörkin
18.15 Meistaradeildarmessan
20.45 Meistaradeildarmörkin
21.15 Premier League Review
22.10 UEFA Champions League
00.00 UEFA Champions League

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.45 Premier League
09.25 Premier League
11.05 Premier League
12.45 Enska 1. deildin
14.25 Spænski boltinn
16.05 Spænsku mörkin
16.35 Premier League
18.15 Meistaradeildarmessan
18.40 UEFA Champions League
20.45 UEFA Champions League
22.35 UEFA Champions League

## STÖÐ 3

17.50 Mike and Molly
18.15 Two and a Half Men
18.40 New Girl
19.00 Modern Family
19.25 Fóstbræður
19.55 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
20.30 The Last Man on Earth
20.55 The Americans
21.45 The Mentalist
22.25 Mayday
23.10 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
23.45 The Last Man on Earth
00.05 The Americans
00.55 The Mentalist
01.35 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Könnuðurinn Dóra
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveins
08.49 Lalli
08.55 Rasmus Klumpur og félagar
09.00 Strumparnir
09.25 Gulla og grænjaxlarnir
09.37 Stóri og Litli
09.49 Hvellur keppnisbíll
10.00 Zigby
10.10 Ævintýraferðin
10.25 Latibær
10.47 Mæja býfluga
11.00 Könnuðurinn Dóra
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveins
12.49 Lalli
12.55 Rasmus Klumpur og félagar
13.00 Strumparnir
13.25 Gulla og grænjaxlarnir
13.37 Stóri og Litli
13.49 Hvellur keppnisbíll
14.00 Zigby
14.10 Ævintýraferðin
14.25 Latibær
14.47 Mæja býfluga
15.00 Könnuðurinn Dóra
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveins
16.49 Lalli
16.55 Rasmus Klumpur og félagar
17.00 Strumparnir
17.25 Gulla og grænjaxlarnir
17.37 Stóri og Litli
17.49 Hvellur keppnisbíll
18.00 Zigby
18.10 Ævintýraferðin
18.25 Latibær
18.47 Mæja býfluga
19.00 Anastasia



Mæja býfluga
kl. 10.47, 14.47
og 18.46

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Safeway Open
12.00 PGA Tour
12.55 Keb Hana Bank Championship
15.55 Safeway Open
19.55 PGA Tour
20.50 Golfing World
21.40 Safeway Open

## BÍÓSTÖÐIN

11.55 Beyond the Lights
13.50 Collaborator
15.20 Paul Blart. Mall Cop 2
16.55 Beyond the Lights
18.55 Collaborator
20.25 Paul Blart. Mall Cop 2
22.00 **Mission. Impossible II** Mögnuð hasarmynd með Tom Cruise og Thandie Newton í aðalhlutverki. Sérsveitarmaðurinn Ethan Hunt er kominn aftur á stjá og fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa.
00.05 **Six Bullets** Hasarmynd með Jean-Claude Van Damme í aðalhlutverki og fjallar um bardagalistamanninn Andrew Fayden sem er á ferðalagi í Austur-Evrópuríki ásamt eiginkonu sinni og dóttur, og gistir á hóteli. Hann er ekki fyrr kominn þangað en dóttur hans er rænt af glæpamönnum sem stunda mansal á ungum stúlkum.
02.00 Frozen Ground
03.45 Mission. Impossible II

## RÚV

16.05 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
16.10 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
16.15 Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
16.40 Downton Abbey
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hopp og hí Sessamí
18.25 Hvergidrengir
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Alþingiskosningar 2016
20.40 Með okkar augum
21.15 Áttundi áratugurinn – Bandaríkin gegn Nixon
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
22.50 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
22.55 Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
23.00 Bráð
23.50 Næturvörðurinn
00.35 Alþingiskosningar 2016
01.35 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Black-ish
08.20 Dr. Phil
09.00 The Biggest Loser
09.45 The Biggest Loser
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.20 Dr. Phil
14.00 Superstore
14.20 Hotel Hell
15.05 Life In Pieces
15.30 Survivor
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 The Odd Couple
20.15 Crazy Ex-Girlfriend
21.00 Code Black
21.45 Mr. Robot
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Swingtown
00.35 Sex & the City
01.00 Chicago Med
01.45 Queen of the South
02.30 Code Black
03.15 Mr. Robot
04.00 The Tonight Show
04.40 The Late Late Show
05.20 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |





**X16 – SUÐURKJÖRDÆMI**
Strax að loknum kvöldfréttum verður rætt við oddvita stjórnmálaflokkanna úr suðurkjördæmi í beinni útsendingu á Stöð 2.

ÞRÆLGÓÐUR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**MAJOR CRIMES**
Sharon Raydor er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.


**THE PATH**
Eddie Lane lætur hrífast af kenningum sérstrúarsafnaðar og skömmu síðar snýst veröld hans á hvolf og hann stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.


**UNDERGROUND**
Hópur þræla ákveður að flýja harðstjóra sína af plantekru í Georgíu og þurfa þeir að leggja allt í sölurnar til þess að elta draum sinn um frelsi og betra líf. Magnaðir þættir sem gerast um miðja 19. öld.


**MURDER IN THE FIRST**
Stórgóðir spennuþættir þar sem English og Mulligan rannsaka flókin glæpamál sem upp koma í San Francisco.


**MISSION: IMPOSSIBLE II**
Mögnuð hasarmynd um sérsveitarmanninn Ethan Hunt sem er kominn aftur á stjá og fær nú sitt erfiðasta verkefni til þessa.


**THE MENTALIST**
Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


PIZZA
OG KÓK
Coca-Cola
Iceland
THIN & CRISPY
double pepperoni
pizza
made with 100% mozzarella
DEEP PAN
pizza
and white Cheddar
Iceland Pizza
og 2L Kók
Aðeins
599
Thin & crispy eða Deep pan pizza
+ 2 lítra Kók
OPIÐ
24
TÍMA
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Hjartasteinn fékk þrenn verðlaun í Varsjá

Fyrsta kvikmynd leikstjórans **Guðmundar Arnars Guðmundssonar** í fullri lengd var sigursæl á kvikmyndahátíðinni í Varsjá um helgina. Myndin verður frumsýnd hér á Íslandi í kringum áramótin.

„Við erum rosalega þakklát fyrir þessi viðbrögð. Við höfum unnið að þessu í fjölda ára og gaman að sjá hvað myndin gengur vel í fólk,“ segir Anton Máni Svansson, einn framleiðenda kvikmyndarinnar Hjartasteinn. Myndin er fyrsta kvikmynd leikstjórans Guðmundar Arnars Guðmundssonar í fullri lengd og vann um helgina til þrennra verðlauna í aðalkeppni kvikmyndahátíðarinnar í Varsjá í Póllandi. Myndin hlaut flest verðlaun allra á hátíðinni, en Guðmundur Arnar var valinn besti leikstjórinn, Baldur Einarsson hlaut sérstök dómnefndarverðlaun fyrir leik sinn í Hjartasteini og myndin vann til kirkjuverðlauna hátíðarinnar.


Guðmundur Arnar Guðmundsson leikstjóri og Anton Máni Svansson framleiðandi taka hér á móti verðlaunum fyrir Hjartastein á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í september.

### Verður sýnd víða um heim

Hjartasteinn fjallar um sterka vináttu tveggja drengja sem eru að taka sín fyrstu skref inn í unglingsárin og uppgötva ástina og fóru tökur fram haustið 2015 á Borgarfirði eystri, Seyðisfirði, í Vopnafirði og Dyrhólaey. Í umsögn dómnefndar um valið á kirkjuverðlaunum hátíðarinnar í Varsjá segir meðal annars að þau hafi ekki aðeins verið veitt Hjartasteini vegna listrænna gæða myndarinnar, heldur einnig andlegra og mannlegra þátta hennar. Þá er tekið fram að myndin sýni á lágstemmdan hátt fram á getu mannsins til að vaxa og þroskast.

Hjartasteinn var heimsfrumsýnd í Venice Days dagskrá kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum í september og vann þar til Queer Lion-verðlauna hátíðarinnar. Eftir það hefur hún verið sýnd á fleiri alþjóðlegum kvikmyndahátíðum, meðal annars í Toronto í Kanada og Busan í Suður-Kóreu. Aðspurður segir Anton Máni að nákvæm dagsetning frumsýningar myndarinnar hér á Íslandi hafi ekki enn verið ákveðin, en það verði í kringum áramótin næstu. „Þangað til verður myndin á stanslausu flakki milli landa og kvikmyndahátíða. Eftir jól fer hún svo líka á fjölda hátíða, til dæmis í Bandaríkjunum, Brasilíu, Danmörku og Grikklandi. Guðmundur Arnar leikstjóri er mest í því að ferðast með myndinni, en sjálfur fer ég til að mynda með henni til Þýskalands og Úkraínu,“ útskýrir Anton Máni og bætir við að af viðbrögðunum hingað til að dæma líti út fyrir að myndin verði sýnd víða um heim. „Í mörgum löndum erum við í viðræðum um sölu á myndinni og þær ganga mjög vel.“

**HJARTASTEINN**

**Handrit og leikstjórn:** Guðmundur Arnar Guðmundsson.
**Helstu hlutverk:** Baldur Einarsson, Blær Hinriksson, Diljá Valsdóttir, Katla Njálsdóttir, Jónína Þórdís Karlsdóttir og Rán Ragnarsdóttir.

**MYNDIN VERÐUR Á STANSLAUSU FLAKKI MILLI LANDA OG KVIKMYNDAHÁTÍÐA OG EFTIR JÓL FER HÚN SVO LÍKA Á FJÖLDA HÁTÍÐA.**

### Sigursæll stuttmyndaleikstjóri

Eins og áður sagði er Hjartasteinn fyrsta mynd Guðmundar Arnars í fullri lengd en hann hefur áður vakið athygli, meðal annars fyrir stuttmyndina Hvalfjörður, sem reyndist sigursæl á kvikmyndahátíðum og vann til sérstakra dómnefndarverðlauna í aðalkeppni kvikmyndahátíðarinnar í Cannes árið 2013.

kjartang@frettabladid.is


Hjartasteinn fjallar um sterka vináttu tveggja drengja sem eru að taka sín fyrstu skref inn í unglingsárin og uppgötva ástina.

Málþing
Hótel Natura
Þriðjudaginn 18. október 13:30-15:30

Er vilji til breytinga?

Er raunverulegur vilji hjá stjórnmálaflokkum að bæta þjónustu við veika einstaklinga og aldraða?

Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Dagskrá:

13:30-13:40 **Setning málþings**
Björn Bjarki Þorsteinsson, varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og framkvæmdastjóri Brákarhlíðar

13:40-13:55 **Umhverfi og staða fyrirtækja í velferðarþjónustu**
Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna

13:55-14.25 **Stutt erindi frá stjórnmálaflokkum**
Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokki
Hanna Katrín Friðriksson, Viðreisn
Sigrún Gunnarsdóttir, Björt framtíð
Óli Björn Kárason, Sjálfstæðisflokki
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Samfylkingu
Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri græn
Jón Þór Ólafsson, Pírötum

Að framsögum loknum verða pallborðsumræður.

**Fundarstjóri:** Sigmar Guðmundsson, fjölmiðlamaður


Björn Bjarki Þorsteinsson, Pétur Magnússon, Eygló Harðardóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Sigrún Gunnarsdóttir
Óli Björn Kárason, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir, Jón Þór Ólafsson, Sigmar Guðmundsson

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

Málþingi verður haldið á Hótel Natura (áður Hótel Loftleiðir) Þingsal 2, þriðjudaginn 18. október kl. 13:30-15:30

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU



# ER UNGLINGURINN DÝR Í REKSTRI
## – KOMINN TÍMI Á ÚTBURÐ?

Við erum að leita að duglegu og ábyrgu fólki til að bera út blöð í þínu nágrenni milli klukkan 6 og 7 á morgnana, mánudaga til laugardaga. Hressandi göngutúr í fersku lofti sem gæti jafnvel skilað sér í betri afköstum í skólanum.

**Sæktu um á www.postdreifing.is**

**Nánari upplýsingar í síma 585 8330.**

***ÖLLUM BLAÐBERUM OKKAR STENDUR TIL BOÐA GLÆSILEGUR SÍMA-FRÍÐINDA-PAKKI OFAN Á LAUNIN.***

***GETUR KOMIÐ SÉR VEL FYRIR UNGLINGINN - OG FORELDRANA.***

| | |
|---|---|
| **FRÍ** | símtöl innanlands |
| **FRÍ** | SMS/MMS |
| **1GB** | inneign |
| **5GB** | að auki fyrir vel unnin störf |
| **2.000kr.** | inneign í Gomobile |

Sjáðu allt um fríðindapakkann á Facebooksíðu okkar.

Síminn

PIPAR\TBWA • SÍA • 164672

Vatnagörðum 22 | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Póst dreifing






# Þetta var **fjarlægur draumur**

Þær **Ragnheiður María Benediktsdóttir** og **Guðlaug Fríða Helgadóttir Folkmann** stofnuðu hljómsveitina Rugl snemma á þessu ári. Þær koma til með að hita upp fyrir PJ Harvey á Iceland Airwaves.


**Hljómsveitina Rugl skipa þær, Ragnheiður María Benediktsdóttir og Guðlaug Fríða Helgadóttir Folkmann.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

„Hljómsveitin varð til þegar við sátum saman á kaffihúsi í fyrravetur. Guðlaugu Fríðu langaði til þess að taka þátt söngkeppninni Rófunni í Hagaskóla, sem er undankeppni fyrir Samfés. Okkur gekk alveg frábærlega og lentum í öðru sæti“ segir Ragnheiður María Benediktsdóttir, en saman skipa þær vinkonurnar hljómsveitina Rugl, sem kemur til með að hita upp fyrir eitt stærsta atriði á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves, sem fram fer í nóvember.

Fljótlega eftir undankeppni Samfés fengu stelpurnar mikla hvatningu til þess að taka þátt í Músíktilraunum. Þær fengu talsverða athygli fyrir atriði sitt sem hafnaði í úrslitum, og er óhætt að segja að boltinn hafi farið að rúlla eftir það.

„Við ákváðum bara að slá til, þetta var reynsla og virkilega skemmtilegt að taka þátt. Þegar við vorum að ganga frá dótinu okkar eftir keppnina, kom Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves, og spurði okkur hvort við værum til í að koma fram á Airwaves,“ segja þær glaðar.

Rugl kemur til með að spila talsvert mikið á Airwaves í ár bæði á dagskránni sjálfri og hinni svokölluðu off-venue dagskrá, sem fram fer samhliða hátíðinni.

„Við erum að fara að hita upp fyrir PJ Harvey, þetta er bara alveg geggjað,“ segir Ragnheiður.

„Ég man eftir því að hafa verið stödd á tónleikum með hljómsveitinni Hjaltalín og hugsaði með mér, að þegar ég yrði stór ætlaði ég að spila á þessari hátíð. Mig grunaði ekki að það kæmi að því svona snemma, þetta var svo fjarlægur draumur,“ segir Guðlaug.

*En hvernig tónlist spilið þið?*

„Tónlistin sem við spilum er eiginlega svona hálfgert indípopp, það fer eftir árstíðum, okkur þykir frekar erfitt að útskýra nákvæmlega hvernig tónlist þetta er sem við spilum. Við syngjum báðar og spilum svo á hljómborð og gítar. Eins og staðan er núna hittumst við alla daga og æfum. Við erum mjög spenntar og teljum næstum því niður dagana,“ segja þær stöllur. **gudrunjona@frettabladid.is**

## Yoko Ono, 13 daga danshátíð

níundi dagur síðdegis

hristu

farðu og heilsaðu eins mörgum
og þú getur með handabandi, skrifaðu
nöfnin þeirra niður. reyndu í
lyftunni, lestinni, rúllustiganum,
á götunni, salerninu, uppi á fjalli
í myrkri, í dagdraumum
ofar skýjum, o.s.frv. til að handabandið
verði notalegt skaltu halda á blómi eða
þvo höndina og nota vellyktandi o.s.frv.




Yoko Ono 13 daga danshátíð. Reykjavík 2016 © Yoko Ono Dance Company. Listasafn Reykjavíkur.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
60 ÁRA 1956 - 2016



# PARKET ÚTSALA

## 20-40% afsláttur af öllu parketi

25% afsláttur

EUROHOME enjoy living

ÚTSALA / ÚTSALA

**2.017 kr/m²**

~~2.690~~ kr/m²

Harðparket - Þýsk gæði
Eikarplanki, 8 mm.
147110

**Fáðu ráðgjöf**
Ingólfur Sigurðsson sölumaður í gólfefnadeild í Skútuvogi og starfsfólk okkar um land allt tekur vel á móti þér á parketútsölunni.

ÚTSALA
28% afsláttur
BARLINEK
ÚTSALA / ÚTSALA
**2.995 kr/m²**
~~4.190~~ kr/m²
Viðarparket
Eik, rústik, 3ja (3,2 mm spónn).
146899

ÚTSALA
25% afsláttur
EGGER
ÚTSALA / ÚTSALA
**2.168 kr/m²**
~~2.890~~ kr/m²
Harðparket - Þýsk gæði
Elmur mountain, 8 mm.
146935

ÚTSALA
25% afsláttur
EUROHOME enjoy living
ÚTSALA / ÚTSALA
**1.492 kr/m²**
~~1.990~~ kr/m²
Harðparket - Þýsk gæði
Eik, ljós, 3ja stafa, 8 mm.
147100

ÚTSALA
40% afsláttur
KAINDL
ÚTSALA / ÚTSALA
**1.373 kr/m²**
~~2.289~~ kr/m²
Harðparket - Austurísk gæði
Eikarplanki, AC4 bandsagað, 8 mm.
147071

Byggjum á betra verði

www.husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



# Falið fatlað fólk

Fyrst eftir að ég flutti til Danmerkur á sínum tíma tók ég eftir öllu því sem ég var ekki vön frá Íslandi. Konunum í búrkunum, hlýju golunni, hjólreiðamönnum í umferðinni. Og fatlaða fólkinu! Sem mætti mér á gangstéttinni, sat við hlið mér í strætó og afgreiddi mig í búðinni.

Það er mannlegt að taka eftir því sem maður er ekki vanur að sjá. Vera feiminn og forvitinn og skoða vel. Og já, börnin mín störðu. En það sem maður sér á hverjum degi hættir fljótlega að vera framandi og verður venjulegt. Hversdagslegt og sjálfsagt. Hluti af daglegu lífi.

En af hverju var fatlað fólk mér framandi? Það eru um fjögur þúsund fötluð börn og fullorðnir á Íslandi. Hversu marga hefur þú séð á ævinni? Hversu oft hefur þú talað við fatlaða manneskju? Hefurðu unnið með einhverjum? Farið á stefnumót? Átt vin? Það næsta sem ég komst fötluðu fólki þegar ég var krakki var að góla: Fatlafól, fatlafól, flakkandi um á tíu gíra spítthjólastól.

Það er því eðlilegt að spyrja: Hvar er allt íslenska fatlaða fólkið? Pistill sem hreyfihömluð kona skrifaði í síðustu viku svarar þeirri spurningu. Pistillinn fjallar um hve illa henni gekk að fá vinnu eftir háskólanám. Hún fékk þau skilaboð að hún gæti ekki verið á almennum vinnumarkaði því hún notar göngugrind. Hæfileikar, geta og menntun voru ekki til umræðu. Starfsumsókn hennar var stimpluð með stórum rauðum stöfum: Fötluð! Svo kom annar stimpill: Úrræði!

Fatlað fólk á Íslandi er ekki í felum. Íslenskt samfélag er að fela fatlað fólk. Á meðan fatlað fólk er aðgreint í samfélagi manna verður fjölbreytileikinn ekki hluti af daglegu lífi. Og við hin höldum áfram að glápa.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

365
Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum
ENDALAUS SÍMTÖL & SMS Í ALLA
OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR
0 GB 790 KR
1 GB 1680 KR
5 GB 2680 KR
30 GB* 2990 KR
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
haust dagar





MEMORY TILBOÐ meðan birgðir endast
Stærð: 160x200 m/botni og stálfótum
Verð kr. 149.900.-
Verð nú aðeins kr.
99.900.- án gafls.

Florence
Nýir glæsilegir hágæða leðurhvíldarstólar
Florence hvíldarstóll með skemli
Litir: Gulur / svartur / grár
Verð með skemli kr. 199.900.-



Rome vandaður rafstillanlegur hvíldarstóll með hágæða leðri.
Litir: Hvítur/svartur/grár
Verð kr. 289.900.-



Vinsæli rafstillanlegi hvíldarsófinn.
Leður á slitflötum
Verð aðeins kr. 219.900.-



Lyftu-hvíldarstóll, leður á slitflötum - Nokkrir litir
Verð aðeins kr. 109.900.-



Vandaðir rafstillanlegir hvíldarstólar með nuddi o.fl.
Verð frá kr. 289.900.-



Reverie
2x 90x200 cm - Gerð 3E með Memory dýnum
Verð frá kr. 297.455.-



Vandyck sængurverasett
20% afsláttur



Náttsloppar / baðsloppar Herra og dömu
20-50% afsláttur



20% afsláttur
Mikið úrval af sængum og koddum

Komdu og gerðu góð kaup!



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum
www.korter.is